



Íslenskar blaðaúrklippur, vegna fráfalls  
Bjarna, Sigríðar og Benedikts,  
10. júlí 1970, 3. hluti

---

Bjarni Benediktsson – Sigríður Björnsdóttir – Benedikt Vilmondarson – Fjölskyldan – Íslenskar  
blaðaúrklippur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Fjölskyldan  
Askja 3-14

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hörmulegur atburður í Konungsbústaðnum á Þingvöllum

## FORSÆTIS- RÁÐHERRA ER LÁTINN

Bjarni Benediktsson fórst í eldsvoða ásamt konu sinni og dóttursyni. Mikið áfall fyrir íslensku þjóðina



Bjarni Benediktsson



Sigríður Björnsdóttir

### Jóhann Hafstein gegnir störfum forsætisráðherra

Þegar hin hörmulegu tíðindi um fráfall Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra bárust stjórnvöldum, voru strax gerðar ráðstafanir til að kalla saman fund í ríkisstjórninni. Jóhann Hafstein dómsmálaráðherra, sem staddur var í Skorradal, og Magnús Jónsson fjármálaráðherra, sem var í Grímsnesi, komu báðir til Reykjavíkur í morgun. Aðrir ráðherrar munu hafa verið heima og munu því væntanlega allir sex sitja fundinn í ríkisstjórninni.

Talið er fullvist, að Jóhanni Hafstein verði talið að gegna störfum forsætisráðherra. — Hann hefur gegnt því embætti, þegar Bjarni Benediktsson hefur verið forfallaður. — JK



Benedikt Vilmundarson

MIKILL HARMUR er kveðinn að íslensku þjóðinni. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra fórst með konu sinni, frú Sigríði Björnsdóttur, og dóttursyni þeirra, Benedikt Vilmundarsyni, í eldsvoða í Konungsbústaðnum á Þingvöllum á öðrum tímanum í nótt. Þessi válegi atburður er reiðarslag fyrir alla þjóðina,

er hefur hér orðið fyrir tjóni, sem ekki verður bætt. Bjarni Benediktsson ætlaði aðeins að dvelja í bústaðnum í nótt, en í dag ætlaði hann á héraðsmót á Snæfellsnesi.

Mjög kalt var á Þingvöllum í gærkvöldi, norðan hávaðarok, slyddubylur og voru fjöll grá niður í fjallsrætur.

Hollenzkir ferðamenn voru þeir fyrstu, sem urðu varir við brunann. Þeir komu niður að Valhöll kl. 9.30 í gærkvöldi, eftir að tjald þeirra hafði fokið ofan

af þeim. Í Valhöll fengu þeir sér kaffi og urðu ekki varir við neitt, hvorki þegar þeir komu né þegar þeir fóru um kl. 11. — Þeir komu aftur að Valhöll um kl. 1.30 um nóttina með hafur-task sitt og ætluðu að sofa í bifreið sinni á hlaðvarpanum. Þeir sáu þá eld við Konungsbústaðinn, rétt fyrir sunnan Valhöll og héldu í fyrstu að kveiktur hefði verið varðeldur. Við nánari athugun fannst þeim ekki allt vera með felldu og fóru út að bústaðnum.

Þegar þeir komu að bústaðnum logaði eldur út úr stofu-glugga í suðausturhorni hússins og var greinilegt að mikill eldur var í húsinu. Þeir gengu umhverfis húsið til að hyggja Framh. á 10. síðu.

## Glæsilegur ferill

BJARNI BENEDIKTSSON átti óvenju glæsilegan feril sem stjórnmalamaður og fræðimaður. Hann var fæddur í Reykjavík 30. apríl 1908 og var því rúmlega 62 ára. Foreldrar hans voru Benedikt Sveinsson alþingismaður og Guðrún Pétursdóttir. Fyrir réttum 40 árum útskrifaðist Bjarni heitinn sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands og hélt þá utan til framhaldsnáms í stjórnlagfræði árin 1930—1932.

Professor við Háskóla Íslands varð hann 1932, og gegndi hann því starfi, unz hann varð borgarstjóri í Reykjavík árið 1940. Gegndi hann því starfi til 1947, er hann varð ráðherra, fyrst dómsmála- og utanríkisráðherra og síðan einnig menntamálaráðherra frá 1949. Gegndi hann ráðherraembættum í ýmsum ráðuneytum allt til 1956, er vinstri stjórnin var skipuð. Gerðist hann þá ritstjóri Morgunblaðsins til 1959 en þá kom viðreisnarstjórnin til sögunnar. Var Bjarni heitinn fyrst dóms- og iðnaðarmálaráðherra þeirrar

stjórnar, en varð síðan 1963 forsætisráðherra, og því starfi gegndi hann til dánardægurs.


Bjarni Benediktsson var um langt skeið einn helzti forustumaður Sjálfstæðisflokksins. Hann sat í miðstjórn flokksins síðan 1936 og gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum á þeim tíma. Hann hefur verið formaður flokksins síðan 1961 og var einnig formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Hann skrifaði fjölda rita og ritgerða einkum um stjórnmál og um lögfræðileg efni. Kunnust almenningi er bókin „Land og lýðveldi“, sem hefur að geyma safn ritgerða hans.

Fyrri kona Bjarna Benediktssonar var Valgerður Tómasdóttir. Þau giftust árið 1935, en hún andaðist ári síðar.

Síðari kona hans, Sigríður Björnsdóttir, fórst með honum í brunanum á Þingvöllum. Hún var dóttir Björns Jónssonar skipstjóra í Reykjavík og konu hans Önnu Pálsdóttur, fædd 1. nóvember 1919. Hún giftist Bjarna 1943 og stóð æ síðan við hlið hans í hinum vandasömu störfum hans.

Börn þeirra hjóna eru Björn, fæddur 1944, og stundar nám í lögfræði við Háskóla Íslands, Guðrún, fædd 1946, starfar í banka, Valgerður, fædd 1950 og er við nám í B.A.-deild háskólans og Anna, fædd 1955, skólaknemi.

Benedikt Vilmundarson, sem fórst með afa sínum og ömmu í brunanum, 4 ára að aldri, var sonur Valgerðar og Vilmundar Gylfasonar.



Konungsbústaðurinn brann alveg til grunna. Myndin er tekin í morgun.

# VÍSIR

Útgefandi: Reykjavent hf.  
 Framkvæmdastjóri: Sveinn R. Eyjólfsson  
 Ritstjóri: Jónas Kristjánsson  
 Fréttastjóri: Jón Birgir Pétursson  
 Ritstjórnarfulltrúi: Valdimar H. Jóhannesson  
 Auglýsingar: Bröttugötu 3b Símar 15610 11660  
 Afgreiðsla: Bröttugötu 3b Sími 11660  
 Ritstjóri: Laugavegi 178. Sími 11660 (5 línur)  
 Askriftargjald kr. 165.00 á mánuði innanlands  
 Í lausasölu kr. 10.00 eintakið  
 Prentsmiðja Vísir - Edda hf.



## Bjarni Benediktsson látinn

Hið sviplega fráfall Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra er mikið áfall fyrir íslensku þjóðina. Hann var einn fremsti og svipmesti stjórnmálamaður þjóðarinnar á þessari öld og hefur markað djúp spor í sögu síðustu áratuga.

Orð fá ekki lýst þeim harmi, sem nú er kveðinn að þjóðinni. Mönnum finnst enn ótrúlegt, að svona válegur atburður skuli geta gerzt. En enginn má sköpum renna. Leiðtogi þjóðarinnar er fallinn og hún syrgir góðan dreng.

Ferill Bjarna Benediktssonar var hinn glæsilegasti, enda var hann vel undir starf sitt búinn, sérfræðingur í stjórnlagafræði. Hann hóf snemma afskipti af stjórnmálum og varð borgarstjóri í Reykjavík. Í því starfi aflaði hann sér almennrar virðingar og trausts, sem hefur fylgt honum æ síðan.

Í hálfri sjöunda ár hefur hann verið forsætisráðherra Íslands. Á þessum tíma hafa Íslendingar bæði búið við velgengi og þurft að sæta áföllum, sem ekki varð ráðið við. Þau verk Bjarna Benediktssonar í þágu íslensku þjóðarinnar, sem hans verður trúlega lengst minnt fyrir, eru hinn mikli þáttur hans í stofnun íslenska lýðveldisins, mótun utanríkisstefnu þjóðarinnar eftir síðari heimsstyrjöldina, lausn landhelgisdeilunnar við Breta og störf hans sem forsætisráðherra.

Ingólfur Jónsson landbúnaðarráðherra ritaði í Vísi afmælisgrein um Bjarna Benediktsson sextugan, hinn 30. apríl 1968. Þar segir Ingólfur m. a.: „Á 26 ára þingmannstíma og 18 ára ráðherratið, hafa að sjálfsögðu mörg vandamál borið að höndum. Fáir eiga jafn auðvelt með að gera sér grein fyrir kjarna málanna og finna heppilegustu leiðina til lausnar hverju sinni heldur en dr. Bjarni Benediktsson, þess vegna hefur hann vaxið með verkefnum og traust þeirra, sem með honum vinna og þekkja hann bezt, stöðugt farið vaxandi. En það er ekki aðeins hin skýra hugsun og skarpskyggni, sem eykur traust manna á honum, heldur einnig og ekki síður hreinskilni og drengskapur í samvinnu og samskiptum við þá, sem hann starfar með.“

Dagblaðið Visir vottar aðstandendum forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar þeirra hina dýpstu samúð.

Það er erfitt að lýsa því fyrir borgurum í friðsömu landi, hvernig það er, þegar „lögum er sundur skilið“ í einu þjóðfélagi, þegar ástand borgarastyrjalda ríkir, eins og nú er í Norður-Írlandi. Að ytra útliti birtist það í sandpokahleðslum og gaddavirgiringum, sem liggja hingað og þangað yfir göturnar, meðan hermenn við alvæpni og með hjálma á höfði standa á verði. Óseggjanleg tortryggni liggur í loftinu, — ¼ íbúanna eru það sem kallast mótmælendatrúar — og ¼ kapólskir. Og það sem er enn verra, kapólikkarnir eiga svo mikið af börnum, að eftir 30 ár verða þeir orðnir fjölmennari, þá verður núverandi minnihluti orðinn að meirihluta. Menn grunar jafnvel að þessar miklu barneignir séu hluti í samsærinu, bólváður páfinn í Róm hafi planlagt þetta og gefið írskum kapólikkum leyningu fyrir mæli



Bernadetta Devlin var fangelsuð áður en hún kæmist á þing.

## Hið enska ALSÍR

um að unga út sem flestum krökkum.

Oftast er látið nægja að útskýra andstæðurnar í Norður-Írlandi með því að landsfólkið skiptist í þessa tvo trúarflokka. En trúarskoðanir segja bara ekki alla söguna, því að hinna gömlu trúflokaskiptingu fylgja flestir innviðir hins gamla þjóðfélags, viðhald valdaaðstöðu, ranglát eignaskipting, stöðnun í atvinnuháttum, ranglæti og ofbeldi meirihlutans gegn minnihlutnum á öllum sviðum.

Borgarastyrjöldin birtist í því að hjá hinum stóru Harland and Wolff skipasmíðastöðvum í Belfast fór þriðjungur verkamannaanna, þeir kapólsku í verkfall, af því að hinn hlutinn, mótmælendatrúarmennirnir höfðu kallað þá svivirðingarorðum. Þeir komu þá fyrst í vinnuna, þegar stjórn stöðvarinnar hafði heitið að reka hvern þann úr vinnu, sem kallaði kapólska menn svivirðingarorðum.

Hún birtist í því að þegar komið er inn í kapólska hverfið við Falls Road í Belfast er málað á veggjum með stóru lettri: „Þér komið inn í Frjálsu Belfast“. Og þegar nóttin skellur á, vitum við að innan þessara húsveggja eru byssur handleiknar, sprengi efni löguð, vísivélarnar smíðaðar. Ut um glugga gægjast blóðhlaupin augu, nóttin er full af sprengjuhættu, jafnvel kyrróin er óróleg. Við höfum frétt af stuðningsmönnum í írsku lýðveldinu hafa verið á meginlandi Evrópu að kaupa vopn, og sagt er að norskir fiskimenn hafi tekið að sér að smygja þeim inn í landið. John Lynch forsætisráðherra Eire varð fyrir skömmu að reka tvo ráðherra úr stjórn sinni vegna þess að þeir höfðu staðið fyrir vopnasmýgli til Norður Íslands. Það er líka sagt að stöðugur straumur sjálfboðaliða sé norður á bóginn.

Svo ákveður brezka herliðið í Belfast að hefja vopnaleyti. Þeir ryðjast inn í kapólska hverfið og taka að leita í vissum húsum Njósnaðar virðast hafa gefið þeim upplýsingar. Frú Mary Maguire var að gefa stóra barnahópnum sínum miðdags-

teidi, þegar þeir komu heim til hennar í Balkan-stræti. Þeir kváðust ætla að rannsaka húsið. Frúin reis upp reiðileg með miklum skrækjum og mótmælti því harðlega. Þá drógu þeir upp húsleitarskurð og ruddust upp á loftið. Innan skamms komu þeir niður aftur með byssur og kassa með skotfærum og sprengiefni. — Hvar er eiginn maður yðar? Er til mynd af honum? Hverjir eru félagar hans? Konan svarar öllum spurningum: — Ég veit það ekki. Í síðustu viku voru samþykkt á norður-írsku þinginu lög, sem lögeðu skilvörðislaust eins árs fangelsi við því að eiga von og sprengiefni.

Þessa nótt er mikil skothríð í grennd við kapólska hverfið. Brezkir hermenn fela sig á dyragættum, bensínspengjum og stærri sprengjum er kastað. Vélbyssuskothríð heyrir. Alla nóttina kveða við sprengingar og drunur. Það er engu líkara en það sé gamlárskvöld. Brezku hermennirnir hafa fundið 45 skammbyssur, 37 riffa, tvær vélbyssur, eina smáfallbyssu 13 haglabyssur, átta sprengikúlur, 46 pund af sprengiefni, 15 þúsund skot, 100 íkveikjusprengjur. Þessa sömu nótt hafa 5 almennir borgarar látið lífið. 80 særzt, þeirra á meðal 20 hermenn og lögregluþjónar og vfir 300 manns hafa verið handteknir. Á morgun á að halda leiknum áfram.

Nýlega var brezka herliðinu í Norður Írlandi fjölgað úr 8500 mönnum í 11 þúsund. Nú er sagt að það sé nauðsvnlegt að fjölga því upp í 20 þúsund. En brezki herinn er nú orðinn svo lítill að ef nauðsvn reynist að halda uppi frekari heræðlu í Norður Írlandi verður að fækka í varnarliðinu í þórkalandi og það gæti haft slæm áhrif á samstöðuna í NATO. Þetta er því ljóta ástand. En í rauninni lifa Bretar svo á að betta herliði, sem ruddist inn í kapólska hverfið sé barna komið til að vernda kapólikka. Ef herliðið væri ekki barna, myndu ófgamenn mótmælendatrúar safna saman vopnuðu liði og ráðast með ofbeldi inn í

kapólsku hverfin og úr því yrði algert blóðbað.

Það er sagt um ástandið í Norður Írlandi, að hér sé um hatrammar ófgar á báða bóga að ræða. Inn á milli er sagt, að séu góðgjarnir menn og vitrir, sem reyni að leggja klæði á vopnin. Og það er að vísu nokkuð til í þessu. John Lynch forsætisráðherra í Dublin rekur vopnasmýglisráðherra úr stjórn sinni og lætur höfða mál gegn þeim. Chichester Clark forsætisráðherra í Belfast lætur setja lög um refsingar vegna rögs og æsinga og er þeim vissulega beint gegn ófga klerknum Ian Paisley, sem spyr botnlausum hatursræðri gegn kapólskum yfir landið. Og það var jafnvel gripið til þess ráðs á dögnum, að reka Paisley út úr þingsalnum á Stormont vegna gifuryrða hans. Þannig vilja margir lýsa ástandinu í Norður Írlandi, að það sé hin friðsömu öfl sem þurfi að stríða við ófgarnar og ofbeldismennina á báða bóga. Er það þá ekki einmitt hinir hægferðugu og skynsömu góðu menn, sem hér hafa réttast fyrir sér? Væri ekki einmitt óskandi, að þeim tækist nú sem bezt að friða og róa landið?

En því miður, málið er ekki svo einfalt. Þannig stendur á, að þessir hægferðugu og rólegu menn hafa einmitt farið með völdin í þessum landshluta í nærri fimmtíu ár. Og það hvernig ástandið er nú er einfaldlega vottur þess, að þeim hafi mistekizt. Þess vegna er það sem Norður Írlandi er nú smám saman að breytast í enskt Alsír, og allt útlit er fyrir að Englendingar geti aldrei unnið það stríð, ekki frekar en neinn vinnur sitt dauðastríð. Það hlýtur að fara svo innan fárra ára, að Englendingar verði að eefa upp Norður Írland og það tákna ekki aðeins trúarbragðardeilur, heldur tákna það uppstokkun á því ofbeldis og ranglætisþjóðfélagi sem viðgengizt hefur í þessum landshluta. Það mun hafa í för með sér nýjan enskan Alsír-flotta.

Mótmælendatrúarmennirnir gengu undir próf, þegar þeir fóru sína leið og Ulster var gert að sjálfstæðu héraði í tengslum við England. Þeir fengu sitt eigið þing og gátu þróað sitt þjóðfélag í réttlæti

## Föstudagsgreinin

## Fráfall forsætisráðherra —

→ af bls. 1.

af fólk, en urðu ekki varir við neitt og virtist þeim, að húsið væri mannlaut, gluggar lokaðir og hurðir læstar. Einn Hollendingurinn hélt þá aftur til Valhallar til að gera viðvart um brunann. Síðar upplýstist, að forsætisráðherra, kona hans og dóttursonur voru í bústaðnum, en vonlaust var með öllu að bjarga þeim út.

Skömmu eftir að Hollendingarnir komu að bústaðnum varð sprenging í húsinu og lyftist þakið upp um metra. Hefur þá verið orðinn mikill hiti í húsinu og sennilega komið eldur að oliutanki.

Njörður Snæholm rannsóknar lögreglumaður, sem fór austur í nótt, telur að Hollendingarnir hefðu ekki getað bjargað forsætisráðherrahjónunum, þó að þeir hefðu gert sér grein fyrir því, að fólk var í bústaðnum, þegar þeir komu að honum.

Erfitt var að rannsaka brunann í nótt vegna veðursins og liggur því ekki ljóst fyrir ennþá um upptök hans. Sennilegt má teljast, að kviknað hafi í út frá miðstöðinni.

Spennistöð stóð við bústaðinn og brann hún einnig til kaldra kola og var því algjörlega rafmagnslaut á Þingvöllum í morgun.

Þegar við komum að bústaðnum um stóð eldur út um glugga og upp um þakið. Það var hörmulegt að horfa á þetta. Við gátum ekkert aðhafzt, sagði Jón Eiríksson, sonur þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum, en hann var meðal þeirra, sem fyrst komu að brunanum.

Okkur barst tilkynning um eldinn um klukkan hálf tvö, sagði Jón. Við hringdum strax til lögreglu og slökkviliðs í Reykjavík, en hér í sveitinni er ekkert slökkvilið.

Við sendum jafnframt þá menn, sem heima voru að eldinum. Þeir komust hvergi nærri honum og fengu ekki við neitt ráðið. Talsverður vindur var af norðri og húsið varð alelda á sviptundu. Það er erfitt að gera sér grein fyrir tímanum. Eg gæti trúað að ekki hafi lið íð nema svo sem fimm mínútur frá því að logarnir brutust út um gluggana, þar til húsið hafði fuðrað upp.

Lögreglunni í Reykjavík var ekki kunnugt um, hvort fólk væri í bústaðnum, þegar henni var tilkynnt um brunann klukkan 1,50 í nótt. Þar sem grunur lék á að svo væri, var meðal annars reynt að ná sambandi við heiminn Bjarna Benediktssonar og síðan haft samband við Harald Guðmundsson, bifreiðarstjóra forsætisráðherra og upplýsti hann að kvöldið áður hefði hann ekið forsætisráðherra og konu hans ásamt drengnum austur að Þingvöllum þar sem þau ætluðu að dveljast í Konungsþústaðnum við Óxará í nótt.

Slökkviliðið í Reykjavík, sem fékk tilkynningu um brunann klukkan 1,40, sendi þegar tvo slökkviliða austur og jafnframt voru sendir lögregluþjónar á vettvang. Háspennustráumurinn til Þingvalla var rofinn til þess ekki stafaði hættu af rafmagni. Þessar aðgerðir komu ekki að neinu gagni vegna þess hve skjótt bústaðurinn fuðraði upp í norðanrokinn.

Lögreglunni á Selfossi var jafnframt tilkynnt um brunann og fór Jón Guðmundsson, yfir-lögregluþjónn ásamt sýslumanni, Árneseinga á staðinn.

Þegar slökkviliðsmenn og



lögregla komu að húsinu lífið aðeins í glæðum í rústinum. Bústaðurinn var algjörlega bruninn til grunnar og stendur ekkert uppi af honum nema sökklarnir.

Hins vegar er gestahús, sem byggt var skammt norðan við bústaðinn fyrir fáum árum, óskemmt, enda stóð vindur af því.

Konungsþústaðurinn, eins og hús þetta var jafnan nefnt, stóð

um 200 metra sunnan við Valhöll við Óxará. Það var reist fyrir konungskomuna 1907, og stóð uppi á völlum, en var flutt suður fyrir Valhöll árið 1928 fyrir alþingishátíðina. Margir þjóðhöfðingjar hafa síðan gisti þetta reisulega hús, innlendir og erlendir og forsætisráðherra naut þar oft hvíldar ásamt konu sinni á sumrin.

— JH - VJ



**AUGUN** ég hvíli með gleraugum frá

**tyli**

Austurstræti 20. Sími 14566.

## DUPLOMAT PRINTAMATIC

Kopieringavél — sem ný — til sölu á tækifærisverði. Pappírs-dispenser og miklar pappírsbirgðir fylgja. Uppl. í síma 16600-40.

## Hjúkrunarkonur óskast

Hjúkrunarkonur vantar strax á Kleppsspítalann til afleysinga í sumarleyfum á dag- og næturvaktir í heilsdags- eða hlutavinnu. Upplýsingar gefur forstöðukonan á staðnum og í síma 38160.

Forstöðukonan.

## Í DAG



## BELLA

— Ertu sársvöng? Þá er ekki um annað að ræða, en að ég biðji þjóninn að koma með skál með saltstöngum.

## VÍSIR fyrir 50 árum

Bilferðir verða allan daginn á morgun, ef veður leyfir, frá Aðalstræti 9 til Elliðaánna fram og til baka.

Visir 10. júlí 1920.



## VEÐRIÐ DAG

Norðan stinningskaldi, skýjað að mestu og stundum smáskúrir. Hiti 5—8 stig.

## FUNDIR Í KVÖLD

Tónabær — Tónabær. Félagsstarf eldri bogara, mánudaginn 13. júlí verður farið í Sædýrasafnið í Hafnarfirði. Þátttakendur eru vinsaml. Þeir að hafa með sér nesti, því að áætlað er að hafa viðkomu í Helliggerði og drekka þar kaffi ef veður leyfir. Lagt verður af stað frá Austurvelli kl. 2 e.n. Þátttökugjald er kr. 175. — Aðgangur í safnið er innifalið. Uppl. í síma 18800 frá kl. 10—12 fyrir hádegi.

## TILKYNNINGAR

Fjallagrasaferð Náttúrulekningsfélags Reykjavíkur. Farið verður að Veiðivötnum á Landmannalafrétti 11. júlí kl. 8 frá matstofu félagsins Kirkjustræti 8. Þátttakendur hafi með sér tjöld, vistir og góðan viðleguútbúnað. Heimkoma sunnudagskvöld. Afskriftalistar liggja frammi á skrifstofu félagsins Laufásvegi 2, sími 16371 og NLF-búðinni Týsgötu 8, sími 10262. Þátttaka tilkynnist fyrir kl. 17 föstudagskvöld 10. júlí. Ferðagjald kr. 600. Stjórn NLF.

## Í KVÖLD

### SKEMMTIÞABIR

Las Vegas. Náttúra. Hótel Borg. Sextett Ólafs Gauks ásamt Svanhildi. Glaumbær. Pops og diskótek. Hótel Loftleiðir. Hljómsveit Karls Lilljendahl, söngkona Hjördis Geirsdóttir, tríó Sverris Garðarssonar, Mats Bahr skemmtir. Röðull. — Hljómsveit Elvars Berg, söngkona Anna Vilhjálm. Silfurtunglið Trix leika í kvöld. Tjarnarbúð. Opus 4. Sigtún. Haukar og Helga. Ingólfscafé. Hljómsveit Garðars Jóhannssonar, söngvari Björn Þorgeirsson. Veitingahúsið Lækjarteigi. — Hljómsveit Jakobs Jónssonar, Stuðlatrió.

### VEGAÞJÓNUSTA FÍB

Vegaþjónusta Félags isl. bifreiða eigenda helgina 11.—12. júlí '70.

- FÍB-1 Þingvellir, Laugarvatn
- FÍB-2 Helligheiði, Ölfus, Grímsnes, Flói
- FÍB-3 Akureyri og nágrenni
- FÍB-4 Hvalfjörður
- FÍB-5 Út frá Akranesi (krana- og viðgerðabifreið)
- FÍB-6 Út frá Reykjavík (krana- og viðgerðabifreið)
- FÍB-8 Árnessýsla (upplýsinga- og aðstoðarbifreið)
- FÍB-11 Borgarfjörður

Skyndiaðstoð verður veitt á svæði Fáks við Skógarhóla. — Ef óskað er eftir aðstoð vegþjónustubifreiða veitir Guðunesradíó, sími 22384, beiðnum um aðstoð viðtöku.



## FARFUGLAR

Þörsmerkurferð um helgina, skrifstofan opin alla daga kl. 15—19 og föstudaga kl. 20.30—22.

### II. SUMARLEYFISFERÐIR

19.—26. júlí

Ferð í Lakagíga. Auk þess er áætlað að fara í Núpstaðaskóg, að Grænalóni og á Súlitinda. Ekið verður um byggðir aðra leiðina, en hina að Fjallabaki. Ferðin er áætluð átta dagar.

8.—19. ágúst

Ferð um miðhálandið. Fyrst verður ekið til Veiðivatna, þaðan með Þórisvatni, yfir Kólukvísl, um Sólvejarhöfða og Eyvindarver í Jökuldal (Nýjadal). Þá er áætlað að aka norður Sprengisand, um Gæsavötn og Dyngjuháls til Óskju, þaðan verður farið í Herðubreiðarlindir, áætluð er ganga á Herðubreið. Farið verður um Mývatnssveit, um Hólmatungur, að Hljóðaklettum og í Ásbyrgi. Ekið verður um byggðir vestur í Blöndudal og Kjalveg til Reykjavíkur. Ferðin er áætluð tólf dagar.



## ANDLÁT

Lorentz Thors andaðist 6. júlí 69 ára að aldri. Hann verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju kl. 10.30 á morgun.




# Tíminn

157. tbl. — Föstudagur 17. júlí 1970. — 54. árg.

SAMVINNUBANKINN ÁVAXTAR SPARIFÉ YDAR  
MED HÆSTU VÖXTUM

SAMVINNUBANKINN



Mannfjöldinn horfir á, er kisturnar þrjár eru bornar í líkbilana þrjá, sem fluttu þær í Fossvogskirkjugarðinn. Yzt til hægri má sjá ráðherrana, borgarstjórnann og forseta Sameinaðs Alþingis, en þeir báru kistu forsætisráðherra úr kirkju. (Tímamynd-Kári)

## Neyðar- ástand í Bretlandi

NTB-London, miðvikudag.

Hafnarverkfallið í Bretlandi, sem nær til 47 þúsund hafnarverkamanna við allar hafnar landsins, skall á í gær, eftir að verkamennirnir höfðu neitað nýju tilboði atvinnurekenda. Í dag var lýst yfir neyðarástandi og felur það í sér, að hermenn mega losa lífsnauðsynjar úr skipunum. Elisabet drottning var í heimsókn í Kanada og kom hún heim í dag.

Brezkar húsmæður voru í dag áminntar um, að hamstra ekki matvörn. Þótt Bretar flytji meira en helming matvæla inn, er nóg til af öllu á næstunni. Það sem fyrst verður skortur á, eru appelsínur, ýmsir ávextir og grænmeti og safflöt. Kjöt er nóg til eins mánaðar, en bútt er við, að það hækki álmjög í verði. — Smjörið endist í tvo mánuði og ostur er fyrirleggjandi til fimm mánaða.

Iðnaðarfyrirtæki veður reynt að láta ganga eins og mögulegt er. British Steel Corporation, sem er ríkisfyrirtæki, upplýsti í dag, að það hefði nægan járn málm til 40 vinnudaga, en níkk elió yrði uppurið eftir 10–12 daga. Stærsta iðnaðarfyrirtækið, Imperial Chemical Industries, segir, að ekkert mani skorta þar næsta þrjár vikurnar.

Flest olíufélögin hafa sínar eigin löndunarstöðvar.

## Útför forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar þeirra var látlaus og virðuleg

KJ, OÓ — Reykjavík, fimmtud.

Útför forsætisráðherrahjónanna dr. Bjarna Benediktssonar og Sigríðar Björnsdóttur og dóttursonar þeirra Benedikts Vilmundarsonar fór fram frá Dómkirkjunni í dag, að viðstöddu miklu fjölmenni. Var athöfnin öll látlaus mjög en virðuleg.

Um klukkan eitt fór fólk að safnast saman við aðaldyr Dómkirkjunnar og umhverfis hana. Þar var opnuð fyrir almenning skömmu fyrir klukkan tvö, en fáir af hinum mikla mannfjölda, er þarna var, komust inn. Ættingjar og vinir hinna látnu, erlendir sendimenn, alþingismenn og sérstakir fulltrúar erlendra ríkja gengu í kirkjuna um kórdirnar, í anddyri Alþingishússins hafði verið komið fyrir stólum, og var anddyrið þéttsetið og einnig var fólk víðar í húsakynnum Alþingis, og fylgdist með athöfninni í gegnum útvarp þar.

Gjallarhornum hafði verið komið fyrir á Alþingishúsinu og hlustaði mikill fjöldi fólks á athöfnina fyrir utan Alþingishúsið, Dómkirkjuna, á Austurvelli og nærliggjandi götum.

Í Dómkirkjunni sátu Reykjavík urprestarnir í kór, til hliðar fyrir framan bekkina sátu forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn og forsetafrúin. Kisturnar þrjár stóðu neðan við altarið, og umhverfis þær var mikill fjöldi blómsveiga, og einnig voru blómsveigar víðar í kirkjunni.

Við kistu frá Sigríðar stóðu fjórar konur úr Oddfellowreglunni heiðursvörð og við hlið kistu dr.


Bjarna stóðu fjórir ungir framamenn í Sjálfstæðisflokknum heiðursvörð.

Athöfnin í kirkjunni hófst með orgelleik dómorganistans Ragnars Björnssonar, en síðan söng Karla kórinn Fóstbraeður sálm. Þá flutti

biskupinn yfir Íslandi herra Sigurbjörn Einarsson kveðjuorð, en að þeim loknum var samleikur á orgel og selló. Lék Pétur Þorvaldsson á sellóið. Þá flutti dómprófasturinn, séra Jón Auðuns, minningarræðuna, og hann kastaði

einnig rekinum inni í kirkjunni. Að lokinni minningarræðunni, söng karlakórinn, og leikið var á dómorgelið og selló.

Ráðherrarnir, borgarstjórnin í Reykjavík og forseti Sameinaðs Framhald á bls. 3



Sovétska risaflutningaflugvélin, við komuna til Keflavíkurflugvallar í gærmorgun. Vel má marka stærð vélarinnar af mönnum sem standa upp við hana og Land-Roverbílum. (Tímam-Gunnar)

## Stærsta flugvélin sem lent hefur hérlandis

KJ—Reykjavík, fimmtudag.


Í morgun klukkan rúmlega ellífu, lenti loks á Keflavíkurflugvelli sovétsk flutningaflugvél af gerðinni ANT-22, en þetta er stærsta flugvél sem lent hefur hér á landi, mun stærri en stærstu

farþegaþotur sem hingað til hafa lent hér.

Von hefur verið á vél þessari hingað til lands, í marga daga, en af einhverjum orsökum hefur komið hennar dregið frá degi til dags, en í dag kom hún loks.

Flugstjóri vélarinnar, sagði fréttu manni Tímans, að þeir hefðu lagt af stað frá Moskvu klukkan 3.25 að ísl. tíma, og hingað var flogið í einum áfanga, eða um átta tíma flug. Flugstjórnin sagði að Sovétríkin ættu margar vélar sem þess

ar, en vildi ekki nefna neina ákveðna tölu. Þessi vél var merkt sovétska flugfélaginu Aeroflot, og var áhöfnin 7 menn í einkennisbúningum félagsins. 18 menn aðrir voru um borð, og sagði flug Framhald á bls. 14



Fjöldi ungmenna stóð heiðursvörð sitt hvoru megin Frikkirkjuvegjar þegar líkfyldin fór þar um. Náði heiðursvörðurinn allt frá Miðbæjarskólanum að Skothúsvegi. (Tímamynd-OÓ).

**Útförin**


Framhald af bls. 1

Þings, báru kistu forsætisráðherra dr. Bjarna Benediktssonar úr kirkju, kistu Benedikts litla báru fjórir vinir og skyldmenn fjölskyldunnar, og vinir og ættingjar báru kistu frú Sigríðar Björnsdóttur.

Er kisturnar höfðu verið bornar í bílana, hélt líkfyldin suður Templarasund, Vonarstræti og suður Lækjargötu og Frikkirkjuveg. Við Frikkirkjuveginn stóð fjöldi ungmenna sitt hvoru megin götunnar með íslenska fána. Náði heiðursvörðurinn allt frá Miðbæjarskólanum suður undir Skothúsveg. Lögreglumenn á vélhjólum fóru fyrir líkfyldinni. Á eftir líkbfreiðunum þremur komu bíllar, sem í voru nánustu ættingjar hinna látnu, ráðherrar og vinir.

Á gangstéttum þeirra gatna sem líkfyldin fór um var fjöldi manns.

Bjarni Benediktsson, frú Sigríður Björnsdóttir og Benedikt Vilmundarson, voru jarðsett í Fossvogskirkjugarði. Viðstaddir greftrunina voru aðeins ættingjar og vinir hinna látnu.



Biskupinn, herra Sigurbjörn Einarsson, flytur ávarp í Dómkirkjunni, sem öll var skrydd blómum. Heiðursvörður stendur við kisturnar og prestar sitja í kór. (Ljós.: Ól. K. Mag.)

Kveðjuorð biskups Íslands hr. Sigurbjörns Einarssonar, við útför forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar þeirra

**„Þú átt að lifa litla þjóð þótt foringjar falli“**

**Hörmung bættu hvenær sem lífið linnir. Drottinn, gættu að dauðastundu minni.**

„Hví er einn dagur öðrum ólíkur, þar eð sólin er ljós-gjafi daganna árið allt?“

Svo er spurt í helgri bók.

Og hví eru mennirnir svo ólíkir? er síðan spurt. Þeir eru þó allir úr sama efni og einn hefur skapað þá alla. Sum ir stýrðu heilum þjóðum með hyggindum og voru skarp-skyggirnir leiðtogar lýðsins. Eftir lifir nafn nokkurra, en aðrir létu eftir sig enga minning. (Sfr 33 og 34).

Þannig segir þar.

Ólíkir eru dagarnir. Öllum skín sama sól og sama hámsins fang vefst um allar vistir manna. En svo eru dagleiðir misjafnar sem menn eru margir. Og ein nótt er ei til enda trygg. Svo getur morgunn heils að, að heilli þjóð verði dimmt fyrir augum. Það gerðist í síðustu viku. Sá dagur var ólíkur öllum, sem þjóð vor hefur átt saman óskipt og einhuga. Og eins er um bennan dag. Hér eru 3 kistur vígðar til grafar senn. Fágætt í sjálfu sér, en ekki einstætt. Mörg hafa slysin orðið fyrr og síðar, sjaldan fleiri og margháttaðri en á þessu ári. Og söm eru sárin nákomnum, hverjir svo sem í hlut eiga.

En hér laust því höggi á, að eigi varð brestur í einu húsi eða fáum, heldur um allt Ísland. Og lítil þjóð, dreifð, stendur í dag samhuga við eina gróf.

Saga hefur aukið einum tregasárum streng í hörpu sína. Hún átti aðra fyrir. Ómarnir þaðan bærast ekki eins hratt yfir áður. En þeir hljóðn uðu ekki í bráð. Eftir lifir nafn nokkurra. Aldregi græt ég annan meir, var hugsað og sagt löngu sjáar stundum. Það varð ekki kunnugt um allt land í einni svipan, þegar Egge ert hvarf í Breiðafjörð og þau hjónin bæði, eða þegar Baldvin brenndist til ólffis, svo þessi dæmi séu nefnd. Nú vissu all-

ir að kalla samtímis, hvað orð ið hafði á Þingvelli bá dimmu júlínótt. Runnu ekki mörgum í hug hendingarnar, sem hrutu af vörum karlmennis, þegar slysið spurðist, sem grandaði Baldvini unga: Íslands óhamingju verður allt að vopni, eld ur úr íðrum þess, ár úr fjöllum.

En hér eru ekki þeir kvaddir, sem slíkt vildu mæla að skilnaði. Þau treystu hamingju Íslands. Lítil þjóð heldur áfram að lifa, mæta ólíkum dögum og margri nótt við misjafnt lán á ýmsa lund, en barnalán mikið, þegar alls er gætt. Hún hefur hafð ríka hamingju af börnum sínum. Framhald á bls. 14.



**„Milla-hverfi í Mosfellssveit“**

Stórfyrirsögn á forsiðu Visis í gær hljóðar svo: „Milla-hverfi í Mosfellssveit í undirbúningi. — Rætt um skipulagningu einbýlishúshverfis í landi Lágafells“.

Í fréttinni, sem á eftir fer, segir svo:

„Lágafellstúnið er líklega með fallettri einbýlishúsastæðum hér í nágrenni borgarinnar, enda hafa eigendur þessa svæðis, sem eru erfingjar Thor heitins Jensens og konu hans, áhuga á að skipuleggja þarna einbýlishúshverfi.“

Hefur verið leitað til sveitarstjórnar Mosfellshepps til heimildar um að láta skipuleggja slíkt hverfi þarna í túnhallanum, en málið er ennþá á umræðustigi. Getur skipulagning þessa svæðis tekið langan tíma, og er fyrirhugað að stofna félagssamtök, ef til þessa kemur. Verða lóðirnar væntanlega allstórar, og er ætlunin að eingöngu einbýlishús verði á þessu svæði“.

Í fljótu bragði þyrfti þessi fregn ekki að vekja sérstaka athygli. Hún er í samræmi við ákveðna þróun í skipulagi og byggingamálum í fjölgunarhverfum í nágrenni Reykjavíkur. Eigi að síður hlýtur hún að minna enn einu sinni á ýmsar spurningar, sem vakna hjá fólki, sem heldur, að það búi í þjóðfélagi vaxandi jafnréttis.

Hvers vegna hittir það í mark hjá Vísi að kalla einbýlishúshverfi á fegurstu byggingarstöðunum, milla-hverfi? — Þurfa einbýlishúshverfi í nútísku byggðaskipulagi endilega að vera bústaðir ríkisfólks? Er sjálfsagt að velja ætíð fallegustu byggingastaðina undir stór einbýlishús með stórum lóðum? Er ekki eins eðlilegt að velja meðalhúsum almennings eða sambýlishúsum stað á fegurstu byggingarstöðum? Þurfa opinberir aðilar endilega að auðveldða ríku fólki að kaupa sér fegurðina og útsýnið líka — með rúmgóðum húsum? Væri ekki réttmætara af félagslegum forsjármönnum að álykta sem svo, að fólk, sem býr við lítil efni í litlum húskynnum sé betur komið að fögru hússtæði og útsýni en hinir, sem hafa efni á stórum og vönduðum íbúðarhúsum?

Því þarf endilega að telja sjálfsagt að skipuleg einbýlishúshverfi á fegurstu stöðum séu „milla-hverfi“ eins og Visir kallar það? Því þurfa þær lóðir að vera stærri en aðrar? Er ekki við hæfi, að félagslegar aðgerðir í byggingamálu hætti að setja landslagið, sólskinið og útsýnið á uppboð meðal ríkisfólksins? Verða ekki nógu margir aðrir til þess? Væri ekki hægt að skipuleggja á sumum fegurstu byggingarstöðunum einbýlishúshverfi við hæfi meðalfólks. slá svolitíð af kröfum um stærð húss og lóðar, en gefa venjulegu fólki þar með líka svolitínu kost á því að kaupa sér útsýni og Framhald á bls. 15.



Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, tekur á móti fyrstu fræfötu Landverndar og lýsir um leið st uðningi sínum við herferð Landverndar í landgræðslu og náttúru vernd.

## Skjöldungar selja fræfötur Landverndar

EB-Reykjavík, fimmtudag.

A laugardag og sunnudag munu félagar úr skátafélaginu „Skjöldungar“ halda áfram að selja fræfötur Landverndar á Suðurlands- og Vesturlandsvegi eða rétt vestan Korpu og við Geitháls, en Bandalag ísl. skáta er aðili að Landvernd.

Eins og kunnugt er, seldu sömu aðilar fræfötur Landverndar á Suðurlands- og Vesturlandsvegi um síðustu helgi og gekk salan mjög vel. Fer ágóðinn af söl-

unni til kaupa á fræi og áburði til landgræðsluferða ábúgumanna á vegum Landverndar, en fræföturarnar fást einnig á benzínstöðvum víða um land. Er ferðafólki bent á að taka með sér fötur og dreifa í jarðvegssar sem nóg er af í landinu. Ef afgangur verður, má setja hann á húsblettinn þegar heim er komið. Vonandi kaupa flestir þeir, er úr bænnum fara um helgina fræfötur hjá skáttunum og stuðla um leið að því, að eiga hreint lang og fagurt land.

## Reikningar Kópavogskaupstaðar samþykktir

Reikningar bæjarsjóðs Kópavogskaupstaðar og fyrirtækja hans fyrir árið 1969, voru samþykktir við síðari umræðu á fundi bæjarsjórnar 10. júlí s.l.

Tekjur bæjarsjóðs reyndust alls tæpl. 119,5 millj. króna (103,5 millj.), þar af útsvör 90 milljón kr. (79 millj. kr.).

Hæsta útgjaldaliðir eru félags-

mál 31,1 millj. króna (25,4); — Gatna- og holræsagerð 25,7 millj. (26 millj.), Fræðslumál, rekstrarkostnaður nettó kr. 14,7 millj. (14,9 millj.), Fræðslumál, stofnkostn. nettó 13 millj. (9,3 millj.) Tölurnar í svigunum eru úr reikningum ársins 1968.

(Frá bæjarskrifstofunni í Kópavogi).

## Ekki málaferli vegna setuliðsins í Menntamálaráðuneytinu

Dómsmálaráðuneytið hefur ákveðið að ekki sé ástæða málshöfðunar vegna þess athæfis um 100 ungmenna, að setjast á ganga í menntamálaráðuneytinu 24. apríl s.l. Eins og kunnugt er varð lögreglan að bera margt af þessu fólki út úr húsinu og veitti það lögreglumönnum mótspyrnu.

## Stóra flugvélin

Framhald af bls. 1  
stjórinn að það væru fulltrúar Sovétstjórnarinnar, sem annast mundu skipulagningu hjálparstarfsins í Perú, og svo menn sem sæju um flutninginn. Flugstjórnin sagðist íst búast við að fimm vélar sem þessar myndu koma við á Keflavíkurflugvelli á leið til Perú, og myndu þær flytja þyrlur og sjúkra bíla auk lyfja og lækningatækja.

Flugstjórnin sagði, að vegna skýja hefðu þeir ekkert séð á leiðinni hingað, en þetta var í fyrsta sinn sem flugstjórnin sagðist hafa lent á NATO flugvelli, er hann var að því spurður.

Þessari miklu vél seinkaði nokkuð frá upphaflega tilkynntum komutíma, en þegar hún birtist í norðri yfir Keflavíkurflugvelli, fylgdust mörg forvitin augu með henni í aðfluginu. Véljn þurfti ekki langa braut til lendingar, enda var líka sterkur mótvindur. Hún var þung og svifasein í snúningum á vellinum, og hálf ógnvekjandi þegar horft var beint framan á hana á ferð. Véljn er háþekkt, búkurinn síður og breiður, og fyrirferðarmikill hjólabúnaður undir vélinni miðri. Véljn er knúin fjórum skrúfuþotuhreyflum, og á hverjum hreyfli eru tvær skrúfur. Gífurlegur hávaði fylgdi vélinni, og héldu viðstaddir á vellinum, að Rússarnir ætluðu aldrei að hætta að snúa sér á flugvélastæðinu fyrir framan olustöðina og drepa á hreyflanum.

## Tæknimenntun

Framhald af bls. 16  
í Reykjavík, Þór Sandholt. Skólastjóri Vélaskóla Íslands, Gunnar Bjarnason, og skólastjóri í Gagnfræðaskóla verknáms, Magnús Jónsson.

Nefndinni er ætlað að hafa samstarf við nefnd þá, sem nú vinnur að endurskoðun fræðslulaganna. (Frá menntamálaráðuneytinu)

## Stríðshættan

Framhald af bls. 9  
þeirra til samningaumleitana í síðastliðnum mánuði. Markmið þeirra var þriggja mánaða vopna hlé, til þess að reyna að koma á nýjum samningaviðræðum Araba og Ísraelsmanna undir yfirumsjón Sameinuðu þjóðanna. Jacob D. Beam sendi herra Bandaríkjanna í Moskvu gekk á fund Andrei Gromykos utanríkisráðherra föstudaginn 10. þessa mánaðar til að ítreka þetta frumkvæði.

Valdhafarnir í Washington virðast að svo stöddu ætla að láta sér nægja að tala digurbarkalega til Moskvumanna í von um að fá aukinn frest til samningaviðleitni. — Nögu digurbarkalega til að ráða Rússum frá að ganga of hart fram, jafnframt því, sem Ísraelsmenn séu fulvissaðir um samúð og stuðning, — og koma þannig í veg fyrir að upp úr sjóði.

## LA VILL FÁ NÝ ÍSLENZK LEIKRIT Sigmundur Örn og Arnar verða áfram

SB-Reykjavík, fimmtudag.

Hjá Leikfélagi Akureyrar er þegar farið að undirbúa næsta leikár. Sigmundur Örn Arngrímsson verður framkvæmdastjóri félagsins næsta vetur líka og Arnar Jónsson og Þórhildur Þorleifsdóttir munu einnig helga LA krafta sína. Breytingar fara nú fram á Samkomuhúsinu á Akureyri.

Í viðtali við blaðið nýlega, sagði Sigmundur Örn, að Leikfélag Akureyrar vildi gjarnan frumflytja íslensk leikrit. — En það er eins og allir séu hættir að samja, að minnsta kosti hefur okkur ekki borið neit.

Aðspurður um næsta leikár sagði Sigmundur, að sennilega yrðu aðallega á dagskránni, gömul klassísk verk, eins og Shakespeare og grískir harmleikir.

Bjarni Steingrímsson og ef til vill fleiri góðir menn að sunnan munu leggja leið sína norður yfir fjöll í vetur til að stjórna leikritum hjá Leikfélagi Akureyrar. Sigmundur sagði, að kenið hefði til tals að L.A. færi með Jörund suður á land, eftir velheppnaða

leikfór um Vestur- og Austurland, en nú hefur verið hætt við það. Breytingar og lagfæringar standa nú yfir á samkomuhúsinu á Akureyri. Sviðsopið verður stækkað og ljósatöflunni breytt.

## Kveðjuorð biskups

Framhald af bls. 3.

sonum og dætrum, þótt skamm líf væru fleiri en skyldi. Jafn vel hið unga barn, sem aðeins fær að lifa 4 ár, getur gefið minnilega bendingu um fyrirheitin, sem fólgin eru í stofni þjóðmeisins. Þú átt að lifa, litla þjóð. Það skal þögnin segja, sem nú hvílir yfir landi. Þú, litla þjóð, dreifð og sundruð um smátt og stórt í skamm sýnum sviptingum, sameinuð í miklum minningum, ljúfum og sárum, eitt í vonum og lífsvilja, einhuga við gróf þinna mestu manna, þú átt að lifa, þótt foringjar falli, sem stýrðu með hyggindum og voru skarp-skyggir leiðtogar lýðsins, falli í ótíma og skilji eftir vandfyllt skörð. Þú átt að lifa öll þín áföll, þín hamingja skal sigra harma þína, græða sárin þín. Þessu heita börnin þín við legstaði leiðtoga sinna, þessa biðja börnin þín, lífs og líðin, það gefi Guð vors lands. Og Drottinn segir í orði sínu: Ég þekki þær fyrirætlanir, sem ég hef í hyggju með yður, fyrirætlanir til heilla og ekki til óhamingju, að veita yður vonarríka framtíð. Þá munuð þér ákalla mig og fara og biðja til mín og ég mun bænheyra yður. Og þér munuð leita mín og finna mig. Þegar þér leitið mín af öllu hjarta, vil ég láta yður finna mig, segir Drottinn (Jer. 29).

Svo skulu þau kvödd, sem hvílast hér. Ég flyt þeim þökk kirkjunnar minnar, Sigríði og Bjarna, einnig persónulegar þakkir fyrir samstarf, þegar hann var kirkjumálaráðherra. Hann ma kirkjuna, hennar eðlun og viðleitni, til þess hafði hann skarp-syggeri leiðtoga. Ég flyt kveðju frá kirkju Hóla, kirkju Skálholts. Kirkju þess lögbærs, þar sem þjóðin játaði ist undir konungdóm Krists, hons sem er upprisan og lífið. Honum fel ég ykkar, vinir, ykkur og allt sem orðið er, og allt, sem verða mun.

Kom, Jesú Kristi trú, kom, kom og í oss bú, kom, sterki kærleiksrafastur þú kveikir dáði aftur. Ein trú, eitt ljós, einn andi í einu fósturlandi.

Miskunn og friður Drottins sé með yður öllum. Amen.

## VÉLSMÍÐI

Tökum að okkur alls konar

RENNISMÍÐI,


FRÆSIVINNU

og ýmis konar viðgerðir

Vélaverkstæði

Páls Helgasonar

Síðumúla 1A Sími 38860.



Verkir, þreyta í baki? DOSI beltin hafa eytt þrautum margra. Reynið þau.

REMEDIA HF.  
LAUFÁSVEGI 12 - Sími 16510

Analýsið í Tímanum

## BÍLASKOÐUN & STILLING

Skúlagötu 32.

## LJÓSASTILLINGAR

HJÓLASTILLINGAR MÓTORSTILLINGAR

Sími

Látið stilla í tíma.

Fliót og örugg þjónusta.

13-100

## ÞAKKARÁVÖRÐ

Öllum, sem glöddu okkur með heimsóknum, góðum gjöfum og heillaskeytum á 50 ára hjúskaparafmæli okkar 11. júlí s.l. þökkum við hjartanlega.

Sólrún Guðjónsdóttir og Gunnar Jónsson,  
Króksfjarðarnesi.



Hjartkær eiginmaður minn

Jósep J. Þ. Jóhannesson

Réttarholtsvegi 41

lézt 15. júlí að Vífilsstöðum, Jarðarförin ákveðin síðar.

Jónína Guðmundsdóttir Waage,

börn, tengdabörn og barnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og jarðarför systur minnar

Sæunnar Sumarliðadóttur

frá Breiðabólstað.

Jón Sumarliðason

og fjölskylda.

# ÞJÓÐVILJINN


Föstudagur 17. júlí 1970 — 35. árgangur — 158. tölublað.

## Setudómarinn vikur ekki úr sæti sínu

Setudómarinn í lögbanasmáli því á Húsavík sem Félag landeigenda á Laxárvæðinu hefur hafið gegn Laxárvirkjunarstjórn vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda við Laxá kvað i gærmorgun upp þann úrskurð að hann þyrfti ekki að vika úr dómarsæti vegna skyldleika við ráðgefandi verkfræðing Laxárvirkjunar.

Lögmaður landeigenda hafið uppi þessa kröfu við þinghald í málinu í fyrradag og byggði kröfugerð sína á því að setudómarinn, Magnús Thoroddsen borgardómari í Reykjavík, væri skyldur Sigurði Thoroddsen verkfræðingi, sem verið hefur helzti ráðgjafi Laxárvirkjunarstjórnar í sambandi við virkjunaráætlanir. Voru og fyrirhuguð virkjunar-

mannvirki hönnuð á verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen st. Sem fyrr segir féllst dómari ekki á kröfur landeigenda. Þess má geta að þegar lögbanasmálið kom fyrst upp véc Jóhann Skaptason sýslumaður úr dómarsæti skv. eigin úrskurði og var Magnús Thoroddsen skipaður setudómari í hans stað.



Ráðherrar, borgarstjórnin í Reykjavík og forseti sameinaðs Alþingis báru kistu forsætisráðherra úr kirkju, en vinir og vandamenn báru kistu Benedikts Vilmundarsonar og frú Sigríðar Björnsdóttur



Börn forsætisráðherrahjónanna og nánustu ættingjar þeirra og Benedikts lítil fyrir framan Dómkirkjuna að athöfninni lokinni.

## Mikill fjöldi vottaði forsætisráðherrahjónunum hinztu virðingu

Útför forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar þeirra fór fram frá Dómkirkjunni í gær að viðstöddu miklu fjölmenni. Biskup Íslands, herra Sigurbjörn Einarsson flutti kveðjuorð, en séra Jón Auðuns dómprófastur jarðsöng. Karlakórinn Fóstbræður söng, Ragnar Björnsson lék á orgel og Pétur Þorvaldsson á selló. Jarðsett var í Fossvogskirkjugarði. Útförin var gerð af ísl. ríkinu.

Hvarvetna í borginni blöktu fánar í hálfra stöng. Opínberum skrifstofum hafið verið lokað svo og fjölmörgum verzlunum og fyrirtækjum. Fólk tók að safnast saman við Dómkirkjuna kl. 1 eða klukkustund áður en, athöfnin hófst og öll bílaumferð við Austurvöll hafið verið stöðvuð.

Ættingjar og venlamenn hinna látnu, ríkisstjórn, alþingismenn, fjölmargir fulltrúar erlendrar ríkja og forsetahjónin gengu inn kórmegin, en aðaldyrum Dómkirkjunnar var ekki lokið upp fyrir en kl. 1.40 og aðeins lítill hluti þeirra, sem utan kirkjunnar biðu, komst upp á kirkjufloftið. Þá safnaðist margt manna saman inni í Alþingishúsinu en þar hafið verið komið fyrir gjallarhornum og sætum, og voru gjallarhorn við Alþingishúsið að Austurvelli, þar sem hundruð manna stóðu, þrátt fyrir rok og rigningu.

Stundarfjórðungi áður en athöfnin hófst hóf Lúðrasveit R-víkur leik á Austurvelli og lék sörgarlög, þar til kirkjuklukkurnar tóku að öma og athöfnin hófst. Var athöfnin afar láttlaus og virðuleg. Hún hófst með orgelleik, þvínæst söng Karlakórinn Fóstbræður „Hærra minn guð til þín“ og biskupinn, herra Sigurbjörn Einarsson flutti fegur levedjuorð. Þá léku Ragnar Björnsson og Pétur Þorvaldsson vögguljóð á orgel og selló, og séra Jón Auðuns dómprófastur flutti stutt minningarorð, en að

þeim loknum var sungin sálmurinn „Hvað bindur vorn hug við heimsins glaum“ eftir Einar Benediktsson, og Ragnar Björnsson og Pétur Þorvaldsson fluttu barnagælu á orgel og selló. Greftrunaráthöfnin fór fram í kirkjunni. Lokaorð séra Jóns Auðuns voru síðustu hendingarnar úr Sólarljóðum. Var þvínæst sunginn sálmurinn Framhald á 7. síðu.



Mikill mannfjöldi stóð á Austurvelli og við Kirkjutorg, meðan á athöfninni stóð. Lögreglumenn stóðu heidursvörð við kirkjuna, þegar kisturnar þrjár voru bornar út.

### Kjördæmisráðstefna AB á Norðurl. vestra

Kjördæmisráðstefna Alþýðubandalagis á Norðurlandi vestra hefst á Sauðárkróki á morgun, laugardag, kl. 3 í húsi Sjálfsbjargar. Setur formaður kjördæmaráðs, Haukur Hafstað, bóndi í Vik fundinn, en síðan ræðir formaður Alþýðubandalagsins, Ragnar Arnalds, um stjórn mála viðhorfið og starfið í kjördæminu. Um kvöldið verður efnt til ferðar út á Skaga. Á sunnudag hefst fundir eftir hádegis og verða þá rædd hagsmunamál kjördæmisins og Norðurlands-ættun. Málshafjandi er Benedikt Sigurðsson á Siglufirði.

## Skuldin eftir sjö ára nám erlendis um milljón

Nýskipan lánamála námsmanna dugir skammt til þess að treysta efnahagslegt jafnrétti til náms hérlendis

Samkvæmt nýjum reglum um námslán geta íslenskir námsmenn erlendis komizt upp í að skulda Lánasjóði ísl. námsmanna 730 þúsundir króna eftir 7 ára nám, auk liðlega 300 þúsunda króna, sem þeir skulda annars staðar hafi þeir ekki notið beinna fjárframlaga frá vinum og vandamönnum meðan á náminu stóð. Hinar nýju reglugera ráð fyrir að námslánin dugi fyrir auknum hluta svonefndrar umframfjárfarfar, sem er mismunur sjálfsaflafjár námsmannsins og áætlaðs framfærslukostnaðar í viðkomandi landi.

Blaðamaður Þjóðviljans ræddi þessi mál í fyrradag við Gunnar Vagnsson formann stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Kom m.a. fram í viðtalinu við hann samanburður á lánakjör-

landi séu í ár um 180 þúsund krónur á ári, en gerir ráð fyrir því að kostnaðurinn verði að jafnaði um 188 þúsund krónur á næsta ári, 1971. Gunnar sagði að ríflega 80% íslenskra námsmanna erlendis væru við nám í nefndum löndum. Þá litur dæmið þannig út 1971:

Námsár	Lán	Sjálfsaflafé	Vantar
1. ár	90.000	40.000	58.000
2. ár	90.000	40.000	58.000
3. ár	95.000	40.000	53.000
4. ár	95.000	40.000	53.000
5. ár	105.000	40.000	43.000
6. ár	120.000	40.000	28.000

7. ár	135.000	40.000	13.000
Alls	730.000	280.000	306.000

Í þessum tölum er auðvitað miðað við óbreytt ástand í lánamálum og verðlagi. Aðspurður sagði Gunnar Vagnsson, að ekki væri ráðið hve miklu yrði ráðstafað strax í haust til námsmanna, en það nýmali verður nú tekið upp. Þá lagði Gunnar áberu á að aðalbreytingarnar á lánunum kæmu fram gagnvart námsmönnum fyrstu árin, hin síðari væri hlutfall umframfjárfarfar óbreytt frá því sem áður var. Það er nauðsynlegt að taka fram, að umframfjárför er talin vera mismunur á sjálfsaflafé stúdents og áætluðum framfærslukostnaði í hverju landi fyrir sig. Þannig er lánaupp-

hæðin ekki föst heldur mismunandi eftir framfærslukostnaði og sjálfsaflafé. Lánupphæðin er hins vegar fast hlutfall af umframfjárförfinni hjá hverjum fyrir sig og skiptist þannig eftir hinum nýju reglum — innan sviga fyrra hlutfall umframfjárfarfar:

	Erlendis	Heima
1. ár	60% (40%)	30%
2. ár	60% (45%)	40%
3. ár	65% (50%)	55%
4. ár	65% (60%)	60%
5. ár	70% ( )	Öbreytt ( )
6. ár	80% ( )	Öbreytt ( )
7. ár	90% ( )	Öbreytt ( )

Eins og af þessum tölum sést hefur orðið sú breyting að námsmenn heima fá nú sama hlutfall umframfjárfarfar og námsmenn erlendis.



## Útförin kl. 2 í dag


Heiðursvörður ungs fólks

● Útför forsætisráðherrafrú Sig-síðar Björnsdóttur og Bjarna Benediktssonar og dóttursonar þeirra Benedikts Vilmundarsonar verður gerð frá Dómkirkjunni klukkan 2 í dag.

● Áður en athöfnin hefst mun Lúðrasveit Reykjavíkur leika sorgar-lög á Austurvelli í stundarfjórðung og þjóðsönginn, er kisturnar hafa verið bornar úr kirkju.

Athöfnin hefst með því, að dómorganisti Ragnar Björnsson leikur á orgel. Karlakórinn Fóst bræður syngur sálminn Hærra minn guð til þín, biskup Íslands herra Sigurbjörn Einarsson flyt ur kveðjuorð, þá verður samleik ur á orgel og selló, Pétur Þorvaldsson leikur á sellóið. Dóm-prófástur séra Jón Auðuns flyt ur minningarorð, þá verður sungið Hvað bindur vorn hug við heimsins glaum, eftir Einar Benediktsson, þá verður aftur samleikur á orgel og selló. Athöfninni lýkur með því að tvö erindi úr Allt eins og blómstrið eina, verða sungin greftrunar-athöfn fer fram og dómorganisti leikur á orgel.

Ráðherrar, forseti sameinaðs Alþingis og borgarstjórnin í Reykjavík bera kistu forsætisráðherra úr kirkju, en vinir og vandamenn kistu frá Sigríðar Björnsdóttur og Benedikts Vil-mundarsonar.



Blómaskreytingum var komið fyrir í Dómkirkjunni í morgun.

Forseti Íslands og forsetafrú og fjöldi erlendra sendimanna verða viðstödd útförina. Í Dóm kirkjunni verða frátekin sæti niðri fyrir nánustu ættingja og venzlamenn hinna látnu, ríkis-stjórn og alþingismenn svo og sérstaka fulltrúa erlendra ríkja. Kirkjubekki uppi verða opnaðir almenningi kl. 13.40. Gjallarhornum verður komið fyrir við Alþingishúsið að Austurvelli og í anddyri Alþingishússins en þar verður komið fyrir sætum

fyrir almenning eftir því sem rými leyfir. Athöfninni verður útvarpað. Athöfninni verður ekki sjónvarpað nú, en í upphafi athafnarrinnar tekur sjónvarpið myndir.

Líf fylgdin mun fara suður Templarasund, austur Vonarstræti, suður Fríkirkjuveg, Sól-eyjargötu, Hringbraut og Reykja nesbraut í Fossvogskirkjugarð. Ættingjar bera kisturnar til grafar. Lögreglumenn munu standa heiðursvörð við vegg Alþingishússins gegnt aðaldyrum

Dómkirkjunnar. Ungt fólk mun standa heiðursvörð beggja vegna Fríkirkjuveg frá gamla Miðbæjarskólanum.

Vegna útfararinnar verða skrifstofur Stjórnarráðsins lokaðar frá hádegi, svo og aðrar opinberar stofnanir, þar sem því verður við komið. Einnig verða skrifstofur borgarinnar lokaðar frá hádegi svo og bankar, en aðrar skrifstofur og verzlánir munu loka, sumar hluta úr degi en aðrar, eftir hádegi.

## „Milla“ hverfi í Mosfells-sveit í undirbúningi

Rætt um skipulagningu einbýlishúsa-hverfis í landi Lágafells

Lágafellstúnið er líklega meðal í nágrenni borgarinnar, enda fallegri einbýlishúsastæðum hér hafa eigendur þessa svæðis,

### Maður sleginn í andlitið með flösku

Til tíðinda dró við Umferðarmiðstöðina klukkan rúmlega fjögur í nótt, en þar safnast fólk oft að sölulúgunni nokkuð fram eftir nóttu. Maður nokkur var þar sleginn í andlitið með flösku og hlaut við það áverka á enni og var það allmikið sár. Hann var fluttur á slysavarðstofuna. Kennsl voru borin á árásarmanninn, og mun lögreglan hafa ráðstafað honum, en málið er ekki komið í rannsókn. — JH

sem eru erfingjar Thors heitins Jensen og konu hans, áhuga á að skipuleggja þarna einbýlishúsa-hverfi.

Hefur verið leitað til sveitarstjórnar Mosfellsshrepps til heimildar um að láta skipuleggja líkt hverfi þarna í túnhallanum, en málið er ennþá á umræðustigi. Getur skipulagning þessa svæðis tekið langan tíma og er fyrirhugað að stofna félagssamtök ef til þessa kemur. Verða lóðirnar væntanlega allstórar og er ætlunin að eingöngu einbýlishús verði á þessu svæði. — PS

## Dauðaslys á Suðurlandsbraut

— Ekið á mann, sem ætlaði yfir brautina

Fimmtu og níu ára gamall maður lézt í gærkvöldi eftir umferðarslys, sem varð kl. 18 í gær á horni Suðurlandsbrautar og Langholtsvegur. Maðurinn varð þar fyrir fram byggðri sendiferðabifreið.

Maðurinn stóð við Suðurlandsbrautina að sunnanverðu og ætlaði yfir hana, þegar sendi ferðabíllinn kom aðvífandi fyrir hornið. Bílstjóri kveðst hafa séð manninn, en segist hafa reiknað ázt svo til sem maðurinn biði

þarna þar til hann yrði kominn fram hjá. Lenti hann á hægri framhorni bílsins og kast aðist út af veginum. Hann var fluttur á slysavarðstofuna og þaðan á Landakotsspítalann þar sem hann lézt klukkan rúmlega níu í gærkvöldi. — JH

## Aftur fært yfir hálendið

— mikil rigning á Suð-vesturlandi í nótt

Aftur er nú fært fyrir stóra bíla yfir Kaldadal, Sprengisand og hluta af Kjalvegi, en vegirnir eru illa farnir eftir snjólagið, sem legið hefur yfir þeim undanfarið.

Ef ekki rignir mikið á næstunni, er gert ráð fyrir að allur Kjalveg

urinn verði fær um helgina. Mikið hefur rignit á Suð-Vesturlandi í nótt, mest í Vestmannaeyjum, 26 mm. Gert er ráð fyrir að heldur fari að þorna seinni hluta dagsins, en ekki er útilit fyrir mikið sólskin á næstunni. — PS

## Bósa saga leikin fyrir erlenda ferðamenn

Ferðaleikhúsið leikur kafla úr íslenskum verkum á ensku

● Bósa saga Herrauds, Egilssaga og Djákinn á Myrká eru meðal þess sem erlendum ferðamönnum gefst kostur á að heyra flutt á ensku í Glaumbæ nú á næstunni. Það er Ferðaleikhúsið sem gengst fyrir þessari nýstárlegu leiklistarstarfsemi, en sýningin nefnist einu nafni „Kvöldvaka“

Hefur Molly Kennedy þýtt ýmsa kafla úr fornsögnum, ljóðum og

íslenskum frásögnum frá ýmsum tímum og þau Kristín Magnús Guðbjartsdóttir og Ævar Kvaran flytja efnið. Auk þess kemur fram tríó er leikur íslensk þjóðlög. — Leikstjóri er Mikael Magnússon, sá hinn samí og í sumar hefur verið með fréttir á ensku fyrir útlendinga í útvarpinu. Fyrsta sýningin verður n.k. mánudagskvöld í Glaumbæ og hefst kl. 9. —PS

# VÍSIR

Útgefandi: Reykjavrent hf.  
 Framkvæmdastjóri: Sveinn R. Eyjólfsson  
 Ritstjóri: Jónas Kristjánsson  
 Fréttastjóri: Jón Birgir Pétursson  
 Ritstjórnarfulltrúi: Valdimar H. Jóhannesson  
 Auglýsingar: Bröttugötu 3b. Símar 15610 11660  
 Afgreiðsla: Bröttugötu 3b. Sími 11660  
 Ritstjóri: Laugavegi 178. Sími 11660 (5 línur)  
 Áskriftargjald kr. 165.00 á mánuði innanlands  
 Í lausasölu kr. 10.00 eintakið  
 Prentsmiðja Vísir - Edda hf.

## Bjarni Benediktsson

Með Bjarna Benediktssyni er fallinn í valinn einn mesti persónuleiki íslenskra stjórn mála á þessari öld, svipmikill maður, sem annars vegar var einarður og rökfastur og hins vegar laginn og raunsær. Í þrjátíu ára-tugi skipaði hann fremsta flokk leiðtoga þjóðarinnar við vaxandi virðingu, því að vegur hans jókst með vanda hverjum.

Bjarni Benediktsson var sannlega einn þeirra stjórn málaferils hans eru ótal margir, og ýmsir hafa þeir orðið sögulega mikilvægir. Í honum var áþreifanlegt dæmi þess, að einstaklingurinn getur haft áhrif á hina sögulegu framvindu.

Sem stjórn lagafræðingur átti Bjarni Benediktsson mikinn þátt í að móta þá stefnu, sem miðaði að stofnun lýðveldis á Íslandi þegar árið 1944. Ýmsir málsmetandi menn vildu fresta henni vegna styrjaldarinnar. En hin djúpstæða lagaþekking Bjarna Benediktssonar, sem kom fram í skrifum hans um lýðveldismálið, var mikilvæg undirstaða þeirrar sannfæringar, sem þjóðin bjó yfir, þegar hún steig þetta örlagaríka skref.

Ekki er ofsagt, að Bjarni Benediktsson hafi sem utanríkisráðherra mótað stefnu Íslands gagnvart umheiminum eftir síðari heimsstyrjöldina, þegar þjóðin hafnaði einangrun og hóf náið samstarf við vinveitt ríki. Að ráði Bjarna Benediktssonar gerðist Ísland aðili að varnarsamstarfi og stjórn málasamstarfi vestrænna ríkja og síðar einnig að efnahagssamstarfi. Sagan hefur sýnt, að þetta var farsæl utanríkisstefna.

Frá forsætisráðherratið Bjarna Benediktssonar er ef til vill minnisverðust hin árangursríka barátta við áföllin, sem einkenndu þjóðarhag árin 1967 og 1968. Þá sýndi hann, hve þrautseigur hann var og úrræðagóður. Á skammri stund var vörn snúð upp í sókn. Það byggðist á því, að stjórnvöld sýndu kjark og tóku örlagaríkar ákvarðanir, sem menn voru ósammála um, þegar gert var. Þjóðin nýtur þess nú, hve vel var brugðizt við vandanum þá.

Af skrifum erlendra blaða undanfarna daga er ljóst, að Bjarni Benediktsson var í miklum metum erlendis, einkum á Norðurlöndum. Hann var virtur fyrir að standa traustan vörð um sjálfstæði Íslands um leið og hann færði landið nær Norðurlöndum og öðrum virveittum ríkjum. Erlendir starfsbræður hans töldu hann framsýnan mann og skarpskyggnan.

Bjarni Benediktsson hirti stundum lítt um að afla sér vinsælda og fór sínar eigin götur. Hann var því oft umdeildur. En hann var orðinn sannur landsfaðir í augum mikils hluta þjóðarinnar, er hann lézt, því að hann var einnig virtur vel af stjórn málaandstæðingum sínum. Þjóðin fann til öryggis, er hann hélt um stjórnvölinn. Og hún fann líka, að hann var heiðarlegur og góðviljaður maður allra stétta.

# „Færði Ísland út úr einangruninni“

— úr ummælum erlendra stjórn málamanna og blaða um störf dr. Bjarna Benediktssonar

„BJARNI BENEDIKTSSON forsætisráðherra hefur með starfi sínu lagt mikið að mörkum til norrænnar samvinnu og stuðlað að samheldni Norðurlanda. Fráfall dr. Bjarna Benediktssonar er mikill missir fyrir Norðurlönd og þessi tíðindi valda mér djúpri sorg.“

### „Færði Ísland nær Evrópu“

Þannig komst Per Borten forsætisráðherra Noregs að orði, er hann minntist dr. Bjarna Benediktssonar. Í ummælum annarra norrænna stjórn málamanna og dagblaða á Norðurlöndum er ríkt á áherzla lögð á þátt dr. Bjarna Benediktssonar í eflingu norræns samstarfs og þátttöku

bandalagið án nokkurs hermáns“. Í fyrirsögn greinar í Berlinske Tidende segir: „Hann færði Ísland nær Evrópu“.

### Íslendingar höfnuðu einangrunarstefnu

Svenska Dagbladet segir, að forsætisráðherratið dr. Bjarna Benediktssonar hafi einkennzt af hraðri þróun og framförum, og eigi það ekki sízt við um nánari tengsl Íslands og hinna Norðurlandanna. Í framtíðinni muni það framlag dr. Bjarna Benediktssonar ef til vill verða metið mest. Blaðið birtir ummæli sín undir fyrirsögninni: „Benediktssontímabilið“. Á stjórnartíð dr. Bjarna Benediktssonar hafi Íslendingar hafnað einangrunarstefnunni.

Bandarískar fréttastofnanir



Richard Nixon  
forseti Bandaríkjanna.

## AÐ UTAN

Umsjón: Haukur Helgason

minntust dr. Bjarna forsætisráðherra síðastliðinn föstudag sem „ótrauðs baráttumanns fyrir frið í heiminum“. Richard Nixon Bandaríkjaforseti kveðst hafa misst góðan vin og minnr á, að dr. Bjarni var í hópi þeirra, sem í upphafi undirrituðu sáttmála Atlantshafsbandalagsins. Blaðið International Herald Tribune kemur inn á sama efni á laugardag. Brezka blaðið The Times segir einnig, að hann hafi haft forustu í því, að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu og hefði hann samið um sérstöðu Íslands innan bandalagsins og dvöl bandaríksks varnarliðs á Íslandi.

Þýzka tímaritið Der Spiegel tekur fram að í utanríkisráðherratið dr. Bjarna, hafi Ísland gengið í NATO.

### Inngangur í EFTA

Franska blaðið Le Monde kemur inn á þátt, dr. Bjarna Benediktssonar að aðild Íslands að EFTA. Blaðið segir, að hann hafi látið einmitt, þegar aftur hafi rofað til í efnahagsmálum Íslands eftir miklar þrengingar. Mikil tækifæri hafi skapast við aðild Íslands að Fríverzlunarbandalagi Evrópu, og hafi dr. Bjarni eindregið hvatt til hennar þrátt fyrir harða andstöðu.

Bandaríska blaðið New York Times minnr á, að undir forustu hans hafi Ísland reynt að laða að erlent fjármagn til þess að renna styrkari stoðum undir atvinnuvegina. Politiken ræðir um framtíðarverkefni í íslensku efnahagslífi eftir fráfall forsætisráðherra. Blaðið segir:



Per Borten  
forsætisráðherra Noregs.

Íslands í samstarfi milli ríkja. Í grein í danska blaðinu Politiken segir m. a.: „Þegar hann kom til valda, jók hann þátttöku Íslands í Alþjóðlegu samstarfi og vann að því að fá erlent fjármagn til landsins.“ — Danska blaðið BT tekur undir þetta og segir: „Hinn látni íslenski forsætisráðherra var opari fyrir samskiptum við umheiminn en nokkur annar Íslendingur. Hann leitaðist við að hamla gegn þröngsýnum einangrunarsjónarmiðum, sem hafa einkennt afstöðu Íslendinga til efnahagsmála og heimsviðburða. Það var Bjarni Benediktsson, sem fékk því frangengt, að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu. Þótt Ísland hefði engan her.“ Í fyrirsögn þessarar greinar í BT segir: „Hinn látni forsætisráðherra Íslands gekk í Atlantshafs

„Brýnasta framtíðarverkefni í efnahagsmálum Íslands næstu árin er að skapa frekari grundvöll fyrir vaxandi alhliða iðnþróun, sem sé ekki eingöngu byggð á framleiðslu fyrir innanlandsmarkað, heldur einnig í vaxandi mæli fyrir útflutning.“ Segir blaðið, að þróunin stefni í þessa átt, og það sé að þakka Bjarna Benediktssyni.

### „Mesti leiðtogi Sjálfstæðisflokksins“

Í minningargreinum erlendra manna er, svo sem vænta má, mest fjallað um utanríkisstefnu Íslands, þegar landið naut forustu dr. Bjarna Benediktssonar. Sums staðar er þó komið inn á íslensk innanríkisráðgjafi. Politiken segir til dæmis, að dr. Bjarni Benediktsson hafi tvímælalaust verið „mesti leiðtogi, sem hinn borgaralegi Sjálfstæðisflokkur hafi átt“. Æviferill dr. Bjarna er rakinn víðast hvar, hversu ungur að árum hann varð borgarstjóri í Reykjavík og hófst á skömmum tíma til enn meiri metorða. Í norska blaðinu Kristeligt Dagblad segir, að heiðarleiki dr. Bjarna Benediktssonar og góðvilji hafi verið hafinn yfir allan efa og hann hafi verið óvenjulegum hæfileikum búinn til að sigla þjóðarskútunni fram hjá skerjum.

Aftenposten í Noregi segir, að stefna hans hafi verið að varðveita sjálfstæði og hinn sérstæða sögulega og menningarlega arf Íslendinga og jafnframt stuðla að því, að Ísland tæki þátt í samstarfi þjóðanna beggja vegna Atlantshafsins í öryggis- og efnahagsmálum. Viða er bent á hinn mikla þátt forsætisráðherra í endurreisn íslensks efnahagslífs eftir hin miklu áföll síðustu ára.

Svenska Dagbladet segir, að dr. Bjarni hafi að verulegu leyti mótað stefnu Íslands síðustu fimmtán árin. Gildi hans fyrir Ísland verði ekki ofmetið.



# Bjarni Benediktsson

## forsætisráðherra

Á Þingvöllum gerðist mikill harmleikur aðfaranótt föstudagsins síðast liðins. Þjóðin varð harmi lostin, þegar þau tíðindi bárust, að forsætisráðherrahjónin, frú Sigríður Björnsdóttir og dr. Bjarni Benediktsson brunu inni í ráðherrabústaðnum á Þingvöllum, ásamt ungum dóttursyni þeirra, Benedikt Vilmundarsyni.

Ungir og gamlir, þjóðin öll gerði sér grein fyrir því, að hún hafði misst mikið, orðið fyrir miklu áfalli, tjóni, sem ekki verður metið. Svipmikill stjórnmalamaður er farinn frá mikilvægu þjónustustarfi. Fyrirmannleg eigin kona og móðir, ásamt gjörvilegum ungum sveini, eru horfin.

Forsætisráðherrahjónin undu sér vel á Þingvöllum. Dr. Bjarna Benediktssyni fannst gott að fara til Þingvalla eftir erilsaman dag og hvílast í gamla húsinu, sem reist var í tilefni af konungskomunni 1907. Í frístundum hafði hann mikla ánægju af að ganga um á Þingvöllum. Fáir munu hafa þekkt Þingvelli betur sögulega en dr. Bjarni Benediktsson.

Á Þingvöllum hefur gerzt mikil saga, allt frá því að Alþingi var stofnað, árið 930. Má segja, að þar hafi þjóðin bæði sigrað og tapað, og þar hafi hún átt stundir sorgar og gleði.

Á Þingvöllum varð dr. Bjarni Benediktsson fyrir sérstökum áhrifum. Þar varð hann sérstaklega næmur og móttækilegur fyrir fegurð og tign landsins. Öll Íslandssagan rifjaðist þar upp fyrir honum, óslitin og áhrifamikil.

Dr. Bjarni Benediktsson var mikill fræðimaður. Ekki aðeins í sérgrein sinni, heldur einnig almennt, í sagnfræði fyrri og seinni tíma. Hann unni Þingvöllum, sögunni og þjóðinni allri. Hann var mikill ættjarðarvinur. Í tilkomumikilli náttúruferð Þingvalla og við upprifjun sögunnar glæddist trú hans á landið og þjóðina. Þá styrktist sú rökhyggja og yfirsýn, sem hann hafði yfir þjóðlífið allt, og var sérstaklega áberandi í fari hans.

Hann leit á þjóðina sem eina fjölskyldu, og gerði far um að kynnast högum almennings. Á ferðum sínum um landið kynntist hann mörgum mönnum og eignaðist fjölda vina um allt land. Dr. Bjarni Benediktsson gerði sér far um að kynna sér til hlítar sem flesta þætti atvinnulífsins. Þess vegna var hann víðsýnn og skilningsríkur og hafði heildarsýn yfir þarfir fólksins og atvinnuveganna í öllum greinum.


Dr. Bjarni Benediktsson hafði ríka þrá til þess að bæta kjör þjóðarinnar. Hann vildi, að almenningur kæmist frá fátækt til bjargálna. Á löngum og glæsilegum stjórnmalafæri vann hann með festu og dugnaði að því að gera atvinnulífið fjölbreyttara. Þannig taldi hann mögulegt að bæta líf skjörin, útrýma atvinnuleysi, skapa þjóðinni öryggi og treysta sjálfstæði hennar.

Stórvirkjanir fallvatna, margs konar iðnaður og fjölbreytni atvinnulífsins voru mál, sem hann vann að, og borin voru fram til sigurs undir hans forsæti.

Dr. Bjarni Benediktsson var hugsjónamaður, sem stóð ávallt vörð um sjálfstæði landsins og hvers konar framfarir. Ungur að árum vann hann ótulllega að undirbúningi lýðveldisstofnunar árið 1944. Með glæsilegum málflutningi og traustvekjandi framkomu, varð hann sjálfsgæður forustumaður þjóðarinnar.

Enginn hefur öðrum fremur en dr. Bjarni Benediktsson mótað utanríkisstefnu Íslands, með það fyrir augum að tryggja sem bezt öryggi og frelsi landsins. Hann vann að vinsamlegum samskiptum við allar þjóðir, en þó sérstaklega við þær þjóðir, sem standa Íslandi næst, að menningu og stjórnarfari.

Dr. Bjarni Benediktsson var alþingismaður samfelldi í 28 ár. Ráðherra var hann í 20 ár og hefir átt sæti í 6 ríkisstjórnnum. Hann hefur gegnt mörgum ráðherraembættum en verið lengst utanríkisráðherra, og forsætisráð-



herra síðan 1963. Formaður Sjálfstæðisflokksins var hann einróma kjörinn árið 1961.

Ég, sem þessar línur rita, hefi átt samleið með dr. Bjarna Benediktssyni á Alþingi í 28 ár og setið með honum í ríkisstjórn næstum helming þess tíma. Það er margs að minnast og margt, sem ber að þakka frá löngu samstarfi. Því lengur sem með honum var unnið því betur lærðist að meta mannkosti hans. Dr. Bjarni Benediktsson var vitur maður, góðviljaður og sérstaklega hreinskiptinn. Hann var fljótur að gera sér grein fyrir kjarna málanna og finna heppilegustu leiðina til lausnar hverjum vanda. Þeir, sem þekktu hann bezt, báru mest traust til hans.

Dr. Bjarni Benediktsson var þrygilegur ræðumaður og talaði oftast blaðalaust. Hann

var rökfastur og fylgdi fast fram því, sem hann hafði sannfæringu fyrir, að væri rétt. Hann hafði mjög gott minni, sem kom sér vel á málþingum.

Eðlilega næddu öðru hverju stormar um stjórnmalaforingjann Bjarna Benediktsson, svo stórbrotinn og áhrifamikill sem hann var.

Dr. Bjarni Benediktsson var friðsamur og hafði vilja til þess að vera mannasættir. Það var hann einnig ápreifanlega, eins og oft kom fram í vinnudeilum og á málþingum. Hann bar klæði á vopnin og naut trausts og virðingar allra, einnig þeirra, sem töldu sig vera andstæðinga hans.

Dr. Bjarni Benediktsson var ávallt störfum hlaðinn, og ótrúlega afkastamikill var hann. Hann var mjög fróðleiksfús og gaf sér alltaf

nokkurn tíma til lesturs. Rithöfundur var hann ágætur, og liggur mikið eftir hann í rituðu máli. Má segja, að það sé ótrúlega mikið, þegar tekið er tillit til þess, að ritstörf voru unnin í hjáverkum. Stjórnmalin voru hans aðalstarf og tóku mest af hans vinnutíma.

Eftir annasaman dag, naut Bjarni Benediktsson þess að koma heim að kvöldi og njóta friðar og hvíldar með konu og börnum. Hann var maður heimilisins, góður eiginmaður og ástríkur faðir. Kona hans, frú Sigríður Björnsdóttir, var glæsileg og greind kona. Hún var góð móðir og fyrirmyndar húsmóðir. Hún sómði sér vel í hinni virðingarmiklu stöðu, sem hún gegndi. Frú Sigríður stóð ávallt við hlið manns síns og gaf honum gott og þægilegt heimili. Þau eignuðust fjögur mannvænleg börn, þrjár dætur, Guðrúnu, Valgerði og Önnu, og einn son, Björn, sem nú stundar lagánám við Háskóla Íslands.

Á ferðum dr. Bjarna Benediktssonar um landið var frú Sigríður oftast í fylgd með honum. Fimmtudaginn 9. þessa mánaðar var lagt upp í síðustu ferðina. Ekið var til Þingvalla, og þar skyldi gíst um nóttina Daginn eftir var ákveðið að fara á héraðsmót Sjálfstæðismanna á Snæfellsnesi. Ætlaði frú Sigríður að fara í þessa ferð með manni sínum og hafði með sér ungan dótturson þeirra hjóna, sem áður er getið. Var hann mjög efnilegur drengur og eftirlæti og yndi skyldmenna og vina. En ferðin vestur á Snæfellsnes varð ekki farin. Öll þjóðin er í sorg vegna atburðarins á Þingvöllum. Mikilhæfur forustumaður, sem þjóðin mátti ekki missa, er fallinn frá fyrir aldur fram. Forsætisráðherrahjónin eru horfin, ásamt ungum sveini. Nánustu vinum og vanda mönnum verður harmurinn sárastur.

Öllum þeim, sem um sárt eiga að binda vegna þessa hörmulega atviks, vil ég votta innilegustu samúð.

Ingólfur Jónsson.

# Bjarna Benediktssonar minnzt

## Kveðja frá framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins

Mikil harmleikur hefir nú skeð á hinum helgasta stað þjóðarinnar. Öll þjóðin drúpir höfði í sorg og harmi. Okkur, sem höfðum náin kynni af dr. Bjarna Benediktssyni og frú Sigríði Björnsdóttur, er tregt tungu að hræra.

Örlögin hafa hagað því svo til, að um langt árabíl hafa vegir okkar Bjarna Benediktssonar legið saman í bliðu og stríðu stjórn mála og flokksstarfa.

Þetta samband okkar hófst, er ég fór fyrst í framboð til alþingis fyrir hartær tveim áratugum. Með ráðum og dáð studdi hann mig á þessari fyrstu göngu. Síðan áttum við náð samstarf á þeim árum, er ég fór með formennsku í Sjálfstæðisfélaginu í höfuðborginni. En síðast en ekki sízt var ég starfsmaður hans öll þau ár, sem hann var formaður Sjálfstæðisflokksins. Margt er nú að minnast frá þessum árum og einkum er mér hugleikin endurminning um það, þegar unnið var undir forustu hans að koma í framkvæmd gagngerðum breytingum á skipulagi flokksins. Mér er nú efst í huga þakklæti fyrir að hafa átt þess kost að kynnaast svo og vinna með hinum mikla foringja, sem nú er fallinn frá.

Það er nú skarð fyrir skjöldi hjá Sjálfstæðisflokki. Sæti Bjarna Benediktssonar verður vandfyllt. En það er ekki einungis, að Sjálfstæðisflokkurinn eigi um sárt að binda. Þjóðin í heild hefir beðið mikið áfall við fráfall Bjarna Benediktssonar. Hann var svipmesti, reyndasti og fremsti stjórnálmámaður landsins. Þegar slíkur foringi fellur fyrir aldur fram, verður skaðinn aldrei bættur.

Bjarna Benediktssonar verður aldrei minnst án frú Sigríðar. Hún var stoð hans og stytta. Hún var lífförunautur hans og fylgdi honum í dauðann. Í minningu þeirra, sem þekkti þau hjónin fær aldrei neitt þau aðskilið.

Ég votta þeim, sem um sárast eiga að binda vegna harmleiksins á Þingvöllum, ástvinum þeirra Sigríðar og Bjarna og Benedikts litla Vilmundarsonar, dýpstu samúð.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.



Margt er að minnast við fráfall Bjarna Benediktssonar. Frá því í barnsku minnst ég aðsópmikils ungs manns, sem hefur forustu í borgarmálum og síðar í þjóðmálum, og í lok ferils síns er hann óumdeilanlegur leiðtogi þjóðarinnar. Kynnin eru mest innan Sjálfstæðisflokksins, þar mótast hugsjónir flokksins, og þar var Bjarni jafnan í fremstu sveit. Hugmyndaríkur hugsjónamaður, stefnufastur og framsýnn. Hann tók ríkan þátt í framkvæmd stefnumálanna og var jafnhliða miklum önnum við stjórnsýslustörf, allt frá því að hann varð borgarstjóri, flestum stundum meðal fólksins.

Sænikomur og félagsstarfsemi Sjálfstæðisflokksins voru honum hjartfólgið mál og var viðbrugðið, hversu virkur þátt-

takandi hann var í þeim efnum. Boðinn og búinn til starfa, hvernær sem til hans var leitað.

Einu eftirtektarverðasti árlagi atburðurinn í starfsemi Sjálfstæðisfélaga í Reykjavík, eru Vardarferðirnar, sem hófust



árið 1952. Þátttakendur í þeim skipta orðið þúsundum en í ferðum þessum njóta þátttakendur landsins, fræðast betur um hagi þess og njóta samvistar, meðan á förinni stendur. Bjarni Benediktsson og frú Sigríður tóku þátt í öllum sumarferðum Vardarfélagsins, að

einu undanskilinni. Þjóðmálaræður Bjarna fluttar við þessi tækifæri, eru landskunnar. Hér er aðeins minnst eins þáttar úr starfi hans, sem við kunnum öll vel að meta.

Við, sem störfuðum hvað



nánast með Bjarna Benediktssyni og Sigríði Björnsdóttur innan flokksins, drúpum höfði í sorg og söknuði og þökkum þá forsjá, sem þau veittu okkur.

Ég og kona mín vottum aðstandendum innilega samúð.

Sveinn Björnsson.



Þar hel og líf barðist harðast í landi, hæstur, mestur reis norrænn andi. Námsterk og framskyggn brann hvötin í hug yfir hafdjúpsins veg, yfir arnarins flug. En ástirnar hjótu fornkynsins fólu, fátöluð, auðug og bjargtrygg til dauða, — því speki og kapp, með hinn drottandi dug, var dýrst undir frostlandsins sólu.

Þessi orð þjóðskáldsins Einars Benediktssonar koma mér í hug, er ég minnst forsætisráðherrahjónanna Sigríðar Björnsdóttur og Bjarna Benediktssonar og dóttursonarins unga, er með þeim forst í eldsvoðanum á Þingvöllum.

Enginn þekkti land sitt og þjóð betur en Bjarni Benediktsson. Hann þekkti baráttu þjóðarinnar um aldirnar í bliðu og stríðu. Kosti landsins og galla. Vegna þessarar miklu þekkingar sinnar á sögu landsins gat hann gert sér betri grein fyrir því en aðrir menn, hvað helzt til heilla horfði í stjórnálmámenningar- og efnahagslegu til líti.

Hann þekkti, hvað ofrelsið hafði valdið landsmönnum miklu böli, því barðist hann fyrir fullu sjálfstæði Íslands og var í fararbroddi, er þeim áfangi var náð. Hann skildi, að undirstaðan undir frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar var tunga hennar og menning, samfara traustri efnahagslegri uppbyggingu, þess vegna reyndi hann að treysta þessa þætti í íslenzku þjóðlífi af framsýni og áráði framúrskarandi stjórnálmamanns, sem lét það eitt ráða stefnu sinni og verkum, er

hann taldi til heilla horfa fyrir land og lýð.

Hann kynnti sér hvert mál til hlítar, vóg og mat allar aðstæður með hagsmuni þjóðarinnar einnar í huga og framtíð og fylgdi síðan málinu fram með sínum einstæðu gáfum og dugnaði og af þeirri einlægni, sem allt of fáum stjórnálmámönnum er gefin.

Vegna þessara starfsaðferða vann Bjarni sér meira traust sem stjórnálmamaður, en yfirleitt gerist og varð sá forystu maður þjóðarinnar, sem mest áhrif hafði í íslenzku þjóðlífi og stjórnálmálum síðari ár.

Persónulega minnst ég sérstaklega fráberrar mannþekkingar hans. Skapgerð og eiginleikar manna virtust liggja fyrir honum sem opin bók. Hann vissi betur en flestir aðrir, hvað í hverjum bjó, hverjum mátti treysta og hvað hægt væri að leggja á hvern og einn. Hann þekkti manninn og mannlífið, enda líffskoðun hans, að einstaklingurinn væri undirstaða þjóðfélagsins.

Þeir, sem verst eru settir í þjóðfélaginu og eiga við erfiðustu kjör að búa hafa vissulega misst hæk úr horni við fráfall Bjarna. Mér er það minn

isstætt, að hann tók alltaf málstað þess fólks og taldi, að þjóðinni bæri skylda til að bæta hag og kjör þess, eins og frek ast væri unnt.

Ég man, þegar hann lýsti kreppuárunum og sagði með hryggð og sársauka frá því, að hann hefði séð á fólki hér vegna bjargarskorts. Hann vonaði og taldi það skyldu sína að fyrirbyggja, að slíkt böl henti aftur Íslendinga.

Það var því af engr tilviljun, að hann hafði forystu fyrir eflingu atvinnuveganna og uppbyggingu nýrra atvinnugreina, sem rennt gætu styrkari stoðum undir atvinnulífið og tryggt aukio atvinnuöryggi. Það var heldur engin tilviljun, er erfið ast horfði í þjóðfélaginu fyrir tæpum tveimur árum, að hann sjálfur tók að sér forystu í atvinnuálmánafund ríkisins, hóf á skipulagðan hátt baráttu fyrir útrýmingu atvinnuleysisins sem þá var verulegt, vegna þeirra bangu áfalla, sem yfir þjóðina höfðu dunið.

Vegna þeirra ráðstafana og margra fleiri, sem hann hafði forystu fyrir, tókst að leiða þjóðina út úr vandanum og fram til bjartari tíma. Þegar mest á reyndi komu afburðahæfileikar hans skýrast í ljós.

Á þessari kveðjustund vil ég í nafni Verkalyðsráðs Sjálfstæðisflokksins flytja kveðju og þakki og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra þeirra fjölmörgu Sjálfstæðismanna í launþegsamökunum, sem á einn eða annan hátt í áratugi nutu ráða og stuðnings okkar látna foringja í lífi og starfi.

Íslendingar dæma oft forystu menn sína hart og á stundum að mér finnst af litlum skilningi á afstöðu og möguleikum. Vissulega var Bjarni Benediktsson umdeildur maður, eins og allir mikilhæfir menn eru. Um hann léku sviptivindar stjórnálmálabaráttunnar, enda var hann baráttumaður, sem jafnan hélt fram skoðunum sínum af festu og einurð. Þó held ég að flestir Íslendingar séu sammála um það, að hann vildi þjóð sinni vel og gerði aldrei annað en það, sem hann af miklu viti og þekkingu taldi landsmönnum fyrir beztu.

Framfarasókn þjóðarinnar frá stofnun lýðveldisins er mikið mótuð af starfi og stjórn Bjarna Benediktssonar. Vonandi tekst að halda starfi hans áfram til eflingar íslenzkri þjóð, en það skarð, sem myndast hefur við jafn snögg fráfall hans, verður vandfyllt. Það væri þó ekki í anda Bjarna, að vinir og samstarfsmenn létu hugfallast, heldur, að þeir taki upp þráðinn, sem frá var horfið. Braut þá, sem hann ruddi, ætti að vera hægt að ganga.

Orð eru til lítils nýt gagnvart þeim voða atburði, sem gerðist á Þingvöllum óveðursnöttina fyrir viku síðan.

Upp í hugann kemur svo margt. Minningar úr lífi og starfi, minningar um persónuleg kynni við góða hollvini, sem ávallt var hægt að treysta. Þær minningar gleymast ekki, þótt fenni í mörg önnur spor.

Ég hugsa til barna þeirra hjóna og annarra ástvina í bæn til Hans sem ræður yfir lífi og dauða og vona að þeim gefist styrkur og þrek í harmi sínum og þungri raun.

Gunnar Helgason.

## Í KVÖLD



VEDRIG  
DAG

Suðvestan stinningskaldi, skúra veður. Hiti. 8-11 stig.

## TILKYNNINGAR

Tónabær — Tónabær. Félagsstarf eldri borgara. Mánudaginn 20. júlí verður farin grasaferð að Atlahamri í Þrengslum. Lagt verður af stað frá Austurvelli kl. 2 e.h. Vinsaml, hafið nesti með. Uppl. í síma 25500 og 18800.

Elleheimilið Grund. Föndursalan er opin daglega kl. 1-4 í föndursal og dagstofu heimilisins

## FUNDIR Í KVÖLD

KFUM — KFUK. Samvera í húsi félaganna við Holtavæg í kvöld kl. 8.30. Danski kristniðóin frá Lange kemur í heimsókn. — Einsöngur — Veitingar. — Félagar og gestir velkomnir.

## VÍSIR fyrir 50 árum

Nýja bíó tekur til starfa næst komandi sunnudag. Þá verður sýningarsalurinn fullgerður, en kaffisalurinn er ekki alveg tilbúinn. Forstöðumaður Nýja bíó, hr. Bjarni Jónsson, ætlar að bjóða gestum til að horfa á Sigrúnu á Sunnuhvoli á sunnudagskvöldið, en aðgöngumiðar verða ekki seldir það kvöld. Á mánudagskvöldið heldur Pétur Jónsson þar söngskemmtun, stundvíslega kl. 7½, en að henni lokinni verða kvikmyndir sýndar og aðgangur seldur.

Vísir 16. júlí 1920.



## ANDLÁT

Olafur Sigmar Halldórsson, sjómaður, Hrafnistu andaðist 9. júlí 68 ára að aldri. Hann verður jarðsunninn frá Frikirkjunni kl. 10.30 á morgun.

Sigríður Einarsdóttir, Hringbraut 31 andaðist 10. júlí 71 árs að aldri. Hún verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni kl. 10.30 á morgun.

Gunnlaugur Friðleifsson, Reykja lundí andaðist 13. júlí 71 árs að aldri. Hann verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju kl. 10.30 á morgun.

Vigdís Jónsdóttir, Njarðargötu 33 andaðist 10. júlí 94 ára að aldri. Hún verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni kl. 2 á morgun.

Björn Gíslason, bóndi Sveinatungu, Borgarfirði andaðist 10. júlí 77 ára að aldri. Hann verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju kl. 3 á morgun.



Akranes  
Grundarfjörð  
Patrolfjörð  
Sundarhöfð  
Húsavík  
Kópavogur  
Stóðvarfjörð  
Keflavík  
Reykjavík

SAMVINNUBANKINN




Oxford-leiðangur:

## Mæla Snæfells- jökul í sumar

SJ—Ólafsvík, fimmtudag.

Sjötta júlí kom hingað til lands 7 manna leiðangur frá Oxford, svo nefndur „Oxford Expedition to Iceland 1970“, og mun hópurinn stunda jarðfræðirannsóknir á Snæfellsnesi í sex vikur. Þau fjögur, sem eru á myndinni hér til hliðar, eru úr þessum leiðangri, og hitti blaðamaður Tímans þau á vegamótum við Ólafsvík. Voru þau að leggja af stað á Snæfellsjökul og er þar um að ræða framhald ýmissa mælinga á jöklinum, en annar slíkur leiðangur mældi hluta jökulsins fyrir nokkrum árum.

Fjórmenningarnir tjáðu fréttu manni blaðsins, að flestir þátttakendurnir í leiðangrinum væru að nema jarðfræði við háskólann Framhald á bls 14



## Seldi plötu- safnið til að komast hingað

Vill komast að sem  
vinnumaður í sveit

FB-Reykjavík, laugardag.

Í 10 ár hefur 19 ára gamall Bandaríkjamaður, Michael Beach, látið sig dreyma um Ísland og Íslendinga. Fyrir rúmri viku rættist svo draumur hans um að koma til Íslands, og nú langar hann til þess að komast sem vinnumaður á einhvern sveitabæ um óákveðinn tíma.

Michael Beach ræddi stuttlega við blaðamann Tímans í gær. Hann sá kvikmyndina Leyndar-dóma Snæfellsjökuls, sem byggð er á sögu Jules Verne. Michael sagðist hafa safnað merkilegum, gömlum hljómplötum, grammo-fónum og öðru þess háttar, en nú fyrir skömmu seldi hann allt sitt mikla safn í beim tilgangi að kaupa farseðil til Íslands, og láta þannig draum sinn um að sjá þetta land, rætast.

Michael er búinn að vera hér í vikutíma. Hann hefur þegar brugðið sér austur að Heklu, og skoðað það helsta hér í Reykjavík. Í því sambandi sagði hann, að hér væri allt meira og enn betra, en hann hefði látið sig dreyma um. Venjulega væri það svo, að menn yrðu fyrir vonbrigðum, þegar þeir hefðu búist við einhverju og hugsað lengi um það, en í þetta sinn hefði það farið á annan veg. Allt væri stórkostlega og skemmtilegra hér en hann hefði nokkru sinni getað ímyndað sér.

Michael hefur verið eitt ár í háskóla í Bandaríkjunum, en hann er frá borginni Portland í Oregon. Hann sagðist gera sér fulla grein fyrir því, að ekki væri auðvont því að ætla sér að gerast vinnumaður á sveitabæ á Íslandi, en aðalatriðið væri, að komast út í sveit, og fá tækifæri til þess að kynnast fólkinu og málinu vel.

Hafi nú einhver bóndinn löngun til þess að ráða Michael til sín um óákveðinn tíma, getur hann haft samband við hann að Hörgshlíð 22 þar sem hann nú býr.

# STÍFLU- OG SKURÐAGERÐ ER HAFIN VIÐ ÞÓRISVATN

## Búið að heimila Landsvirkjun 700 milljón króna lán

EB-Reykjavík, laugardag.

Búið er að heimila Landsvirkjun lántöku að fjárhæð allt að 8 milljón dollara eða um 700 millj. ísl. krónur, á þessu og næsta ári, til lúkningar Búrfellsvirkjunar og Þórisvatnsmiðlunar, og ennfremur til rannsóknar á fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum, þá einkum við Tungnaá.

Frá lokum verkfalls hafa tveir vinnuflokkar starfað við Þórisvatnsframkvæmdirnar, og vinna nú við þær á annað hundrað manns. Unnið verður í sumar að stífluframkvæmdum við Þórisós, og einnig verð

ur gerður hluti af skurði við suðvesturenda Þórisvatns, en veita á vatni í gegnum þann skurð til aukningar vatnsmagni Búrfellsvirkjunar og Tungnaár virkjunarinnar fyrirhuguðu.

Er áætlað að þessum framkvæmdum ljúki haustið 1971. Þá á stíflugerð í Köldukvísl er

veitt verður í Þórisvatn, að vera lokið 1972, og verður það verk væntanlega boðið út í haust.

Það er sameignarfyrirtækið Þórisós er ynnur að stíflugerðinni í Þórisósi, en sú stífla á að hindra rennsli vatnsins til norðurs. Hins vegar er það

verktakinn ÍSTAK, sem hefur vatnsveitaskurðinn við suðvestanvert Þórisvatn, en framkvæmdir þar hófust fyrir hálfum mánuði. Þar vinna nú 60—70 manns og var byrjað á því að fjarlægja um eina millj. rúmm. af mól og sandi, en mun þurfa að sprengja þar um 100 þúsund rúmmetra, og er gert ráð fyrir að unnið verði við þessar framkvæmdir fram í nóvember. Þá verður ekki unnið við framkvæmdirnar við Þórisós frá því í október og fram í maí, vegna þess að talið er óstarfandi þar við slíkt framkvæmdir að vetri til.

## Ungir Framsóknarmenn halda þing á Hallormsstað í ágúst

Drög að stefnuskrá unnið á opnum fundum

Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna hefur ákveðið að boða til þings samtakanna dagana 28.—30. ágúst n.k. og verð

ur þingið haldið á Hallormsstað.

Um fjörtíu aðildarfélög hafa rétt til að senda fulltrúa á þingið og má búast við fjölmennu þingi, en síðasta þing ungra framsóknarmanna sem haldið var á Laugarvatni 1968, sóttu töluvert á annað hundrað manns. Ungir framsóknarmenn hafa tekið upp þá ný breytni að halda þing sín fyrir opnum tjöldum og verður þeim síð einnig fylgt í þetta sinn. Þannig mun öllum er þess óska gefinn kostur á að heimsækja þingið sem gestir, fylgjast með umræðum og nefndarstörfum, eftir því sem við verður komið. Á síðasta þingi SUF mættu allmargir gestir, bæði meðlimir aðildarfélaganna, óflokksbundið fólk og menn úr öðrum flokkum.

Stjórn SUF hefur ákveðið að ganga nú enn lengra í þá átt að opna stjórnmalastarfseminu Framhald á bls 14

## Eldsupptök enn ókunn

OÓ—Reykjavík, laugardag.

Ekkert hefur enn komið fram um orsakir brunans á Þingvöllum í fyrrinótt. Sýslumaðurinn, Arnassýslu, Páll Hallgrímsson, hefur vfirum-sjón með rannsóknunum, og rannsóknarlögreglan í Reykjavík er honum til aðstoðar.

Páll Hallgrímsson sagði í morgun, að hann hafi í gærkvöldi og morgun vfirheveri fjölda manna, sem voru á ferð á Þingvöllum um það leyti sem Konungsstöðurinn ..... Á hann enn eftir að vfirheyra mörg vitni og kvaðst hann Framhald á bls 14

## Útför forsætisráðherrahjónanna verður gerð á fimmtudaginn

Útför forsætisráðherrahjónanna,  
FRÚ SIGRÍÐAR BJÖRNSDÓTTUR  
OG  
BJARNA BENEDIKTSSONAR  
forsætisráðherra,

og dóttursonar þeirra  
BENEDIKTS VILMUNDARSONAR,  
fer fram frá Dómkirkjunni, fimmtudaginn 16. júlí  
kl. 14,00.

Forsætisráðuneytið.

# Menn og málefni

## Eldur tortímingar og kaldar sumarkveðjur

### Snöggur


#### sjónarsviptir

Eldurinn gerir ekki boð á undan sér. Þjóðin var minnt harkalega á þann sannleika s. l. föstudags morgun, þegar útvarpið flutti þá harmafregn erla morguns, að þá um nóttina hefði Ráðherra-bústaðurinn svonefndi á Þingvöllum brunnið til grunna á skamri stundu, og forsætisráðherra landsins farið í eldinum ásamt konu sinni og ungum dóttursyni. Að sjálfsögðu gerast þau vátíðindi alltaf öðru hverju, að fólk ferst í eldi, þegar hús brenna, og það er alltaf harma fregn, en slíkt slys hefur þó enn dýpri áhrif á þjóðina alla, og snertir hana á annan hátt, þegar um er að ræða fólk, sem er þjóðkunnugt hvað þá þegar um forsætisráðherrahjón landsins er að ræða. Enginn íslenskur forsætisráðherra annar hefur farið af heimi með svo svíplegum hætti og hörmulegum slysförum.

Við slíka atburði hljóta menn að hugsa mjög um þá hættu, sem vofir yfir fólki í gömlum timburhúsum, sem illa eru eldvarin og standa ef til vill fjarri öðrum húsum, þar sem engin slökkvitæki eða slökkvilið er nærri. Hvaða slysavarnir eru til í þessum efnum? Hefur slíkt mál verið rannsakað nægilega vel, og eru til þau varnartæki og varnarráð, sem að haldi mega koma?

Óhug hlýtur að setja að landsmönnum við tilhugsun um það, að slíkir atburðir skuli geta gerzt. Ráðherra-bústaður þessi, eða Konungshúsið, sem svo var lengi kallað, stendur aðeins 200 metra frá Valhöll, stóru gisti-húsi, þar sem fjöldi manns er að starfi og í gistingu. Allt um kring eru sumarhúsaðir, sem fólk er í. Menn vita ekki einu sinni með vissu, þegar húsið er brunnið, hvort fólk hefur verið í því eða ekki. Á Þingvöllum er enginn visir að brunandi, engin slökkvitæki nálæg eða dælur, þótt húsið standi á varsbakkann um. Slíkt varnarleysi gegn einum mannskæðasta skaðvaldi þjóðarinnar er átakantegt.

Dr. Einar Benediktsson var á margan hátt stórbrotinn og óþægur persónuleikur og hvarfíkjur stjórnmálamaður í samtíð sinni, svo að þjóðin öll finnur, að mikill sjónarsviptir er að hinu snögglega fráfalli hans, auk þess sem slíkir atburðir geta



Þessi mynd var tekin yfir Þingvöll á föstudagsmorgun eftir brunann. Sér yfir vikur vatnsins hið næsta, brúna, og til Þingvallabæjar og kirkjunnar. — Brunarústir Ráðherra-bústaðarins hið næsta en fjær skáli sá, sem tilheyrði bústaðnum og stóð eftir, þar sem vind lagði af honum.

(Tímamynd)

haft í för með sér margar og ófyrirsjáanlegar breytingar á framvindu mála. Þegar menn með svo marga stjórnauma í hendi falla frá fyrirvaralaust, hlýtur það að hafa margvíslega röskun í för með sér. Bjarni Benediktsson var formaður stærsta stjórnmálaflokks landsins, óumdeilanlegur foringi hans og bar ægishjalm yfir næstu ráðamenn eins og á stóð. Hann var einnig ekki aðeins forsætisráðherra að nafni, heldur langmestu ráðandi í ríkisstjórninni; og forsja hennar í flestu. Hver verður sú hin sama ríkisstjórn eftir fráfall hans? Þannig hljóta menn að spyrja.

### Áhrifasterkur stjórnmálamaður

Allir, jafn fylgjendur sem andstæðingar, gera sér ljóst, að Bjarni Benediktsson var óvenjulega áhrifasterkur stjórnmálamaður. Gáfur hans voru miklar, skapið ríkt, málaþylgjan sterk og harðskett, menntun og viðtæk þekking í bezta lagi og glögg-skyggni á menn og málefni eftir tektarverð. Dugnaður hans og harðfylgi juku mjög dagsverk hans. Hann var maður með sterk

sérkenni í gáfnafari og máli og bjó yfir óvenjulegri minnisleikni, sem hann beitti í ræðumennsku. Þeir, sem fylgdust með ræðum hans á Alþingi, sáu hann aldrei skrifa neitt hjá sér, er hann hlýddi á ræður andstæðinga, en þó gat hann síðar rakið í andsvörum efnisatriði þeirra í réttari röð. Slíkan hæfileiki til þess að raða í minni sér því, sem muna þarf, hafa einstöku menn.

Ræðustíll Bjarna Benediktssonar var allajafna nokkuð þungsla legur en málfarið þróttmikið, þótt þræðir þess væru stundum nokkuð samtvinnuðir. Röksemda færsla hans var oft skörp og mjög persónuleg. Hann sótti tíð um fast að andstæðingum en þóldi einnig vel að hart væri látið mæta hörðu. Hann hafði í meira en áratug verið mestur vandradaður íslenskra stjórnmála og ákvarðanir hans og stjórnaathafnir breytt mörgu í lífi þjóðarinnar. Margt hefur valdið ágreiningi í þeim efnum og sætt gagnrýni, enda orkar flest tvímæl is þá gert er, en sagan mun kveða upp dóminn, sem allir verða að hlíta. Um hitt deila menn ekki við fráfall hans, að áhrifasterkur stjórnmálamaður er horfinn af íslensku sviði, svip minna verður í sölu Alþingis, því að hann skar sig þar úr

þingheimi öðrum fremur, og sagan mun ekki ganga fram hjá þætti hans í íslensku stjórnmála-lífi.

### Stórhrið á miðju sumri

Menn hafa löngum sagt, að fátt sé óstöðugra í heimi hér en íslensk veðrátt. Menn megi búast við því að sjá blóm springa út í hverjum mánuði vetrar en nýjan snjó í fjallshlíðum í hverjum mánuði sumars. Að visu hefur ekki farið mikið fyrir blómgun inni síðustu veturina, en sumrin hafa því betur haldið sinni hefð um snjókomuna, enda erum við sagðir á leið inn í kuldann. Júlí brást ekki heldur að þessu leyti núna. Kuldakastið, sem verið hefur síðustu daga, er hörð áminning. Fjallvegir hafa orðið ófarir af snjó og jafnvel snjóað niður í byggð. Menn hafa jafnvel talað um stórhrið á miðju sumri. Óséð er enn, hversu úr rætist um uppskeru af jarðargróða. Sláttur hefst ekki almennt fyrr en að áliðnum júlí, þar sem nokkuð er að slá á annað borð.

### Kaldar kveðjur til hestamanna


Hestamennskan vex hröðum skrefum ár frá ári, og þar eiga sveitamenn og bæjarbúar hina beztu samlið. Er gott til þess að vita, þar getur verið um að ræða mikilvæga samgöngubót í íslensku þjóðlífi. Hestamenn efna þessa daga til mikils landsmóts, og hafa ekkert til sparað að leða sem flest fólk til sín og glæða áhuga þess á hestamensk unni. En veðurguðirnir voru þeim andsnúnir og sendu þeim kalda kveðju, svo að hætt er við að árangur verði ekki eins og vonir stóðu til og fjárhagslegt takmark. Vonandi verður sá baggi ekki hestamönnum óbærilegur, því að illt er til þess að vita, ef þetta verður áfall, sem dragur úr starfi og getu þessara áhugamanna.

### Ferðamannafélög

Allmikils áhuga og hreyfingar verður nú vart hjá mörgum í því skyni að væðast sem beztt til þess að taka á móti þeim mikla fjölda erlendra ferðamanna, sem til landsins munu koma á næstu árum, og einnig greiða fyrir sívaxandi ferðalögum Íslendinga sjálfra um landið.

Þessi mál eru svo erfið viðfangs og margþætt, að ekki má treysta á opinbera forystu eina eða ríkisforstjórn. Þar verður félagsframtakið, mikilvægasta framfarafl þjóðfélagsins, að taka til hendi. Engan veginn er nóg að hafa félagsamtök um þetta fyrir landið allt. Þarna verða byggð arlög, héruð og fólk á tiltekn um ferðamannasvæðum, að láta að sér kveða og stofna félög. Að þessu er nú þegar undinn bugur á ýmsum stöðum. Akureyringar til að mynda hafa lengi haft ferðamálafélag. Borgfirðingar hafa nýlega stofnað það hjá sér. Ef Borgarfirðir, báðar sýslur hans, eru tekur sem dæmi um samfelld ferðasvæði, er augljóst hve mikilvægt er að fyrirgreiðsla ferðamanna sé þar samræmd, enda hefur þetta félag fullan hug á því. Að því standa gistihúsa eigendur á svæðinu, eigendur mannlutningatækja og fjöldi annarra áhugamanna um allt hér aðið. Ráðgert er að gefa út kynningarrit og leiðalýsingar úr Borgarfirði, koma upp sameiginlegri afgreiðslustöð gistihúsa og veit-ingastaða ef unnt er, stuðla að hestaleigu og skipuleggja skoðunarferðir um svæðið og síðast en ekki sízt að vinna að verndun náttúrufars á þeim stöðum, sem mesta ferugð hafa að bjóða, og ferðamenn leggja leiðir sínar helzt á.

Slík félög, sem víðar eru til, geta unnið hið þarfasta verk og áhugamenn ættu að stofna þau sem allra víðast og samræma starf sitt síðan eftir því sem hægt er aðgerðum, sem miðaðar eru við landið allt. — AK.



Eftir kalda hvassviðrisnótt á landsmóti hestamanna (Tímamynd)

## Staða sveitarstjóra

Í Stykkishólmi er laus til umsóknar. Umsóknarfræstur er til 25. júlí n.k. Umsóknir skal senda til oddvita Stykkishólmshepps.

## SJÚKRASAMLAG REYKJAVÍKUR

verður lokað mánudaginn 13. júlí 1970, vegna sumarleyfisferðar starfsfólksins.

Sjúkrasamlag Reykjavíkur.

## FALLEGIR - ÞÆGILEGIR



\*  
DINARD

\*  
Verð kr. 978,00


\*  
Stærð no. 36-41

Brúnir eða svartir leðurskór með nylon-sóla.

— Póstsendum. —

Skóverzlun Þórðar Péturssonar  
við Austurvöll, sími 14181. Pósth. 51

## KENT Micronite filter Með hinu þekktu



er eftirspurdasta  
ameríska  
filter sigarettan

# Samúðarkveðjur berast hvaðanæva að

Í tilefni af andláti dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, frá Sigríðar Björnsdóttur og dóttursonar þeirra, Benedikts Vilmandarsonar, hafa eftirtaldir aðilar sent forseta Íslands, ríkisstjórninni og börnum þeirra samúðarkveðjur:

Frederik IX., konungur Danmerkur; Olaf V., konungur Noregs; Gustav VI. Adolf, konungur Svíþjóðar; Urho Kekkonen, forseti Finnlands; Richard Nixon, forseti Bandaríkjanna. Eamonn de Valera, forseti Írlands; Elizabeth, drottning Bretlands; Baudouin, konungur Belgíu; Hans Peter Tschudi, forseti Sviss.  
Frá forsætisráðherrum Finnlands, Danmerkur, Svíþjóð-

ar, Noregs, Ungverjalands, Luxemborg; frá kanslara Þýskalands. Eanfræmur frá Kristian Djuurhus, lögmanni í Færeyjum.

Frá utanríkisráðherrum

Noregs, Danmerkur, Hollands, Luxemborgar, Austurríkis, Belgíu, Írlands, Svíþjóðar, Bandaríkjanna.

Frá ambassadurum.

Danmerkur, Svíþjóðar, Portúgal, Belgíu, Hollands, Japans, Luxemborg, Mexikó.

Frá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, U Thant, Norður Atlantshafshandalagsins, Mánlio Brosio, Evrópuráðsins, Toncic Sorinj, Framfara- og efnahagsstofnunarinnar, Emile van Leen-

ep, og frá settum framkvæmdastjóra UNESCO, Malcolm Adiseshiak.

Frá ræðismönnum Íslands í

Antwerpen, Hamborg, Genova, Helsingfors, Houston, Texas, Buenos Aires, Strasbourg, Nicosia, Napoli, Winnipeg.

Frá sendiráði Íslands í Washington og Sendiherrahjónunum í Kaupmannahöfn.


Eanfræmur hafi borizt kveðjur frá fjölmörgum erlendum og íslenskum aðilum, sem nánar verður greint frá síðar.

Einnig hafa sendiherrar og sendifulltrúar erlendrar ríkja í Reykjavík og margir starfsmenn sendiráðanna vottað samúð sína.

## Íþróttahátíð

Framhald af bls. 16  
seint í gærkvöldi eða nótt, átti að vera mikil flugeldasýning við

## VIPPU - BÍLSKÚRSHURÐIN



Lagerstærðir miðað við múrop:  
Hæð: 210 sm x breidd: 240 sm  
210 - x - 270 sm

Aðrar stærðir smíðaðar eftir beiðni.

**GLUGGASMIÐJAN**  
Síðumúla 12 - Sími 38220

## BÍLA- OG BÚVÉLASALAN v/Miklatorg.

Vanti yður búvél til að bæta yðar hag; bíla, gröfur, ýtur, lengi mætti telja, er úrval þess alls hjá okkur í dag. Öllum þjóðast kjör, úr nóg uer að velja

Bíla- og búvélasalan  
v/Miklatorg. Sími 23136.

## Bifreiðaeigendur

Getum aftur tekið bifreiðar yðar til viðgerða með stuttum fyrirvara.

Réttingar, ryðbætingar, grindaviðgerðir, yfirbyggingar og almennar bílaviðgerðir.

Höfum sílsa í flestar gerðir bifreiða.

Fljót og góð afgreiðsla. — Vönduð vinna.

BÍLASMIÐJAN KYNDILL  
Súðavogi 34 Sími 32778.

Laugardalshöllina að afloknum stórdansleik, sem ÍSÍ efndi til í tilefni Íþróttahátíðarinnar.

Í blaðinu á þriðjudag verður skýrt frá úrslitum í keppninni um helgina.

## Snæfellsjökull

Framhald af bls. 1  
í Öxnafurðu (Oxford), en einn væri í verkfræði og tvö í landafræði.

Auk mælinganna á jöklinum mun leiðangurinn rannsaka ár á Snæfellsnesi og jarðmyndanir í Búlandshöfða.

## Ungir Framsóknarmenn

Framhald af bls. 1

og verða allir undirbúningsfundir um stefnumótun þingsins einnig opnaðir. Til að auðvelda nýju fólki og nýjum viðhorfum aðgang að umræðunum verða drög að ályktunum samtakanna rædd á opnum fundum sem verða haldnir reglulega á næstu vikum að Hringbraut 30. Með þessum fundum er einnig stefnt að auknu lýðræði innan samtakanna, þar eð öllum meðlimum er nú skapaður jafn réttur til þátttöku í stefnumótuninni. Þannig eru allir sem telja sig nokkuð hafa til málanna að leggja hvattir til að koma á þessa undirbúningsfundi, sem nánar verða auglýstir í Tímanum. Nánari upplýsingar um undirbúnung þingsins að dagskrá verða veittar í síma 24480. Sérstakt þingboð ásamt kjörögnum og drögum að dagskrá verður sent til sambandsfélaganna, sem á næstu vikum munu kjósa fulltrúa sína á þingið.

## MÁLVERK

Gott úrval Afborgunar- kjör Vöruskipti. — Umboðssala.

Gamlar bækur og antikvörur.

Önnumst inrömmun málverka.

MÁLVERKASALAN  
TÝSGÖTU 3.  
Sími 17602.

## Happdrætti HÍ

Föstudaginn 10. júlí var dregið í 7. flokki Happdrættis Háskóla Íslands. Dregnir voru 4.400 vinningar að fjárhæð 15.200,00 krónur.

Hæsti vinningurinn, fjórir 500,000 króna vinningar, kom á miða númer 42172. Voru allir fjórir miðarnir seldir í umboði Helga Sivertsen í Vesturveri.

100.000 krónur komu á númer 5427. Voru allir fjórir miðarnir seldir í Aðalumboðinu í Tjarnargötu 4.

10.000 krónur:  
3257 5286 7570 8458 9073 9277  
10866 12632 13698 14738 14857  
15161 15911 17028 18358 18460  
19393 19840 21417 22725 22975  
23625 24064 24185 24835 25566  
25578 25934 26277 26799 30141  
30491 30643 31863 32576 33341  
33946 34879 36234 36466 37622  
37785 38717 38799 39835 41666  
42171 42173 42381 42594 43035  
43589 44348 45990 46025 46083  
46130 46735 46875 47100 47931  
48949 50365 50567 53817 56727  
57642.

## Brunarannsókn

Framhald af bls. 1.

vonast til að hægt yrði að komast að hvað olli brunanum, en hann hafði ekki í morgun fengið skýrslu rannsóknarlögreglunnar um tæknilegar athuganir.

Ingólfur Þorsteinsson, yfirlögregluþjónn rannsóknarlögreglunnar, sagði í morgun, að enn lægi ekkert fyrir sem sönnun á upptök um eldsins. Það eru fjölmörg atriði sem komið geta til greina, og þurfa nánari rannsóknar við. Ingólfur sagði að það væri á missskiln ingi byggt, sem sagt var frá í Tímanum um brunann, að fólkíð sem fórst hafi komið fram úr rúmunum sínum. Hitt er sannara að allar líkur benda til að þau hafi látizt í svefni. Eftir að rannsóknarlögreglan fékk teikningu af stað setningu húsgagna í herbergi því sem hjónin sváfu í ásamt dóttur syni sínum, fékkst víska fyrir að þau sem fórust, hafi látizt í svefni.

Ingólfur sagði að ekkí væri hægt að byggja fullyrðingar um eldsupptökin á neinum rökum, enn sem komið væri. Í bústaðnum var olfukynding, þar voru kósangastæki og rafmagn og getur margt hafa valdið eldsupptökum um. Margir aðilar vinna að rannsókninni sem verður haldið áfram. Sýslumaðurinn í Arnessýslu hefur dómsrannsókn með höndum og fær hann allar skýrslur frá rannsóknarlögreglunni.